

Stokkseyri

Byggða- og húsakönnun 2010



Guðmundur L. Hafsteinsson

Sveitarfélagið Árborg

Útgefandi:

Sveitarfélagið Árborg í samvinnu við Byggðasafn
Árnesinga
Vefsíða: www.arborg.is

Texti:

Guðmundur L. Hafsteinsson arkitekt

Höfundur *Ágrips af sögu Stokkseyrar*:
Lýður Pálsson safnstjóri

Hönnun og umbrot:

Guðmundur L. Hafsteinsson

Ljósmyndir:

Guðmundur L. Hafsteinsson nema annars sé getið í
myndatexta

Kortavinnsla:

Guðlaug Erna Jónsdóttir arkitekt FAÍ

Prófarkalestur:

Lýður Pálsson
Inga Lára Baldvinsdóttir
Linda Ásdísardóttir

Prentun:

Prentsmiðjan Oddi

Styrkir:

Byggða- og húsakönnun á Stokkseyri 2010 og útgáfa
hennar 2011 var styrkt af Húsafriðunarsjóði
Seðlabanki Íslands, Þjóðhátíðarsjóður og
Húsafriðunarsjóður styrktu verkefnið á fyrri stigum þess

© Sveitarfélagið Árborg og höfundar
Öll réttindi áskilin

Efnisyfirlit

Formáli	4
Samantekt	5
<i>Lýður Pálsson:</i>	
Ágrip af sögu Stokkseyrar	6
Staðhættir	6
Sjávarútvegur	6
Verslun	7
<i>Guðmundur L. Hafsteinsson:</i>	
Byggðin á Stokkseyri	8
Inngangur	8
Suðurlandsjarðskjálftar 1896	8
Sjóvarnargarðar	9
Stokkseyri árið 1906	10
Bruninn 1926	11
Skipulagsmál	14
Umhverfi byggðarinnar	19
Ríkjandi þættir	19
Byggðamynstur	20
Einstök göturými og áberandi hús	21
Byggingarhefð og húsagerð	23
Varðveislumat húsa	25
Úttekt og mat á varðveislugildi	25
Varðveisluflokkar	26
Niðurstöður	28
Húsaskrá	29
Kort yfir byggingarár húsa	45
Kort yfir varðveislugildi	47
Tillaga að hverfisvernd, kort	49
Tilvísanir	51
Heimildaskrá	52

Formáli

Sveitarstjórnnum hafa verið falin viss völd, ábyrgð og frumkvæði í skipulags- og byggingarlögum hvað varðar vernd þeirra umhverfisgæða sem falist geta innan marka sveitarfélagsins. Gæðin geta verið af margvíslegum toga og m.a. falist í einstökum húsum, mannvirkjum og húsaþyrpingum sem hafa mikið umhverfislegt, menningarsögulegt og/eða byggingarlistarlegt gildi þó svo að ekki sé talið að þær skuli njóta friðunar samkvæmt lögum um húsafriðun.

Byggða- og húsakönnun er sjónlistarleg og byggingarlistarleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa og er studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda. Byggða- og húsakannanir eru tvíþættar. Annars vegar er fjallað um bæjarumhverfi og hins vegar um einstök hús. Aflað er þekkingar á byggingarlist bæjarumhverfis og einstakra húsa og hún studd staðfræðilegum og sagnfræðilegum athugunum og getur orðið grunnur að stefnumörkun um varðveislu byggðar og húsa í aðal- og deiliskipulagi.

Í greinargerð með aðalskipulagi Stokkseyrarhrepps 1996-2016 sem staðfest var af umhverfisráðherra 7. október 1996 segir svo m.a. í kaflanum *Menningarvernd*:

Strjál byggð, sundurlaust skipulag, gömul stakstæð bárujárnhús, lágreistur gróður, garðhleðslur, tún og matjurtagarðar og gömul útihús í bland við númtímalegri byggingar og skipulag, skapa Stokkseyri sérstöðu sem ber að vernda og nýta með einum eða öðrum hætti. Skerjagarðurinn, brimið og sjóvarnargarðurinn undirstrika síðan sérstöðu svæðisins. Því ber að fara varlega við skipulag og hönnun og forðast framkvæmdir sem hafa veruleg áhrif á ásýnd byggðarinnar.

Í kaflanum *Húsfriðun* segir síðan:

Á fjórða tug húsa á Stokkseyri og í nágrenni eru byggð 1920 eða fyrr og standa flest þeirra um miðbik þorpsins eða í vesturhluta þess. Æskilegt er að gerð verði húsakönnun á Stokkseyri, á vegum Húsafriðunarnefndar, þar sem metið verður varðveislugildi einstakra húsa eða húsaþyrpinga. Við gerð deiliskipulags verður tekið fullt tillit til hinnar eldri byggðar á Stokkseyri.

Að frumkvæði Menningarnefndar Árborgar var í framhaldi af aðalskipulagsvinnunni hafin vinna við húsakönnun á Stokkseyri í samvinnu við Húsafriðunarnefnd. Náði könnunin til húsa sem byggð voru fyrir árið 1940. Jon Nordsteien arkitekt var ráðinn til starfans og með honum vann vinnuhópur sem skipaður var þeim Ingu Láru Baldvinsdóttur þá formanni Menningarnefndar, Grétari Zophoníassyni fulltrúa heimamanna, Lýði Pálssyni safnstjóra og Þorvaldi Guðmundssyni formanns byggingarnefndar. Í september árið 2000 birti vinnuhópurinn skýrsluna *Húsakönnun á Stokkseyri. Kynning á fyrstu niðurstöðum*. Byggðasafn Árnesinga hafði umsjón með útgáfunni og setti upp sýningu í íþróttahúsinu á Stokkseyri þar sem kynntar voru helstu niðurstöður, gamlar ljósmyndir og aðrar upplýsingar um einstök hús.

Þessi fyrstu drög að niðurstöðum í greinargerðinni *Bæja- og húsakönnun á Stokkseyri 2000* voru notaðar til þess að skilgreina og afmarka svæði í næsta nágrenni Stokkseyrarkirkju sem njóta ætti hverfisverndar í aðalskipulagi Árborgar 2005-2025 en það var staðfest af umhverfisráðherra 23. mars 2006. Hverfisverndarsvæðið á skipulagsuppdættinum afmarkaðist af sjóvarnargarðinum að sunnan, Eyrarbraut og Hásteinsvegi að norðan, Sandgerði að austan og til vesturs afmarkast svæðið af hliðargötu frá Eyrarbraut. Við endurskoðun á aðalskipulagi Árborgar fyrir tímabilið 2010-2030 er sama svæði skilgreint með hverfisvernd á tillöguuppdætti sem lagður var fram til kynningar í desember 2010.

Niðurstöður byggða- og húsakönnunar á Stokkseyri árið 2010 fela í sér tillögur um umfangsmeiri hverfisvernd en fyrirbyggjandi aðalskipulagstillaga. En samkvæmt þeim er gert ráð fyrir því að allmörg hús utan við næsta nágrenni Stokkseyrarkirkju öðlist einnig hverfisvernd.

Á fundi bæjarstjórnar Árborgar 18. maí 2011 var ákveðið að við skipulagsvinnu á Stokkseyri, þá jafnt deiliskipulag sem aðalskipulag verði eftir fremsta megni höfð hliðsjón af niðurstöðum þeirrar byggða- og húsakönnunar á Stokkseyri sem hér liggur fyrir.

Lýður Pálsson
safnstjóri Byggðasafns Árnesinga

Samantekt

Byggða- og húsakönnun á Stokkseyri var unnin fyrir Sveitarfélagið Árborg undir yfirumsjón Bygðasafns Árnesinga á árinu 2010. Eins og vikið er að í formála hér að framan hefur vinna við húsakönnun á Stokkseyri staðið yfir um allan skeið og með löngum hléum. Þegar undirritaður kom að verkinu síðla árs 2009 hafði vinna við könnunina legið niðri í allmörg ár og var ákveðið að ljúka verkinu á einu ári og gekk það eftir.

Í aðalskipulagi Stokkseyrarhrepps 1996-2016 og enn frekar í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2025, og við endurskoðun þess sem nú nýverið hefur verið lokið, er sett fram mjög metnaðarfull stefna sveitarstjórnar um hverfisvernd í sveitarfélaginu. Í greinargerð með aðalskipulagi 2005-2025 segir m.a. í kafla 4.4.5. *Friðuð mannvirki, húsakannanir, hverfisvernd:*

Hverfisverndin tekur til einstakra húsa, götmynda, húsarada og heildaryfirbragðs sem skal varðveita og halda sem upprunalegustu. Sérstök aðgát skal höfð við breytingar, viðbyggingar, nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð s.s. gerð gatna, gangstétta, girðinga og grjótgarða, og ákvarðanir um breytingar á einstökum húsum eða umhverfi þeirra skulu teknar með tilliti til sérkenna og þess gildis sem byggingarnar hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist. Virða skal upprunalega gerð bygginga og halda óbreyttri efnisnotkun við frágangs- og deililausnir.

Nýbyggingar skulu sniðnar að þeirri byggð sem fyrir er hvað varðar stærðir, form, mænisstefnu, efnisval og liti, án þess að um eftiröpun þurfi að vera að ræða. Allar breytingar svo og niðurrif er háð leyfi byggingarnefndar og umsögn Húsafríðunarnefndar ríkisins þegar um er að ræða hús byggð fyrir 1918. Stuðla skal að því að þau hús sem hafa orðið fyrir miklum útlitsbreytingum verði færð í upphaflegt horf eða horf sem hæfir húsagerð og umhverfi betur. Við gerð deiliskipulags hverfisverndarsvæðanna skal setja sérstaka byggingarskilmála sem tryggja að ákvarðanir í skipulags- og byggingarmálum samræmist menningarlegum markmiðum húsverndar.

Samhljóða stefna er sett fram í greinargerð með aðalskipulagstillögu 2010-2030.

Vinna við heimildaöflun vegna byggða- og húsakönnunar á Stokkseyri fór fram á fyrri hluta árs 2010. Var í því efni farið yfir þau gögn sem vinnuhópur og ráðgjafi höfðu aflað á fyrri árum könnunarinnar. Vettvangskönnun var gerð þá um sumarið og haustið en úrvinnsla og niðurstöður unnar síðari hluta ársins og lokið við handrit að greinargerð í lok desember 2010. Könnunin var gerð samkvæmt leiðbeiningum Húsafríðunarnefndar um byggða- og húsakannanir, sem aðgengilegar eru á heimasíðu nefndarinnar, og fyrir styrk úr Húsafríðunarsjóði.

Helstu niðurstöður byggða- og húsakönnunar á Stokkseyri eru þær að þorpið býr yfir sérstökum gæðum sem felast í einstökum húsum og húsaþyrpingum og menningarsögulegu gildi þeirra bæði hvað varðar byggingarlistarsögu og atvinnusögu byggðarinnar. Samspil húsa, atvinnusögu þorpsbúa og náttúrulegra aðstæðna er óviðá ennþá til staðar í sama mæli og á Stokkseyri. Þetta á fyrst og fremst við um húsin sem könnunin tók til, þ.e.a.s. hús byggð fyrir árið 1940, þegar húsum var valinn staður eftir þeim aðstæðum sem umhverfið bauð upp á fremur en á lóðum sem dregnar eru upp eftir reglustrikum í skipulagi.

Víða hafa verið höggvin skörð í raðir hinna gömlu húsa og sérkenni byggðarinnar því ekki eins augljós og var langt fram eftir 20. öld. Því mikilvægara er að vera á varðbergi og huga vel að hinu sérstæða byggðamynstri Stokkseyrar. Það má m.a. gera með því að vernda hús á svæðinu næst Stokkseyrarkirkju eins og þegar hefur verið gert í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

En önnur sérkenni eru einnig mjög mikilvæg en þau felast í húsunum í útjaðri byggðarinnar og samspili þeirra við nánasta umhverfi sitt. Þau þarf einnig að vernda sem og spor eftir byggðina næst ströndinni sem felast í húsum sem nú standa innan um yngri hús, bæði íbúðarhús og hús til atvinnureksturs af ýmsu tagi. Það er ennfremur þessi hluti byggðarinnar sem lagt er til að vernda samkvæmt niðurstöðum þessarar byggða- og húsakönnunar. Mikilvægt er í þessu samhengi að ljúka við fornleifaskráningu sveitarfélagsins svo unnt sé að marka stefnu um vernd fornleifa og mannvirkja t.d. steingarða á Stokkseyri.

Guðmundur Lúther Hafsteinsson, arkitekt

Ágrip af sögu Stokkseyrar

Staðhættir

Stokkseyrarhreppur er hluti af landsvæði því sem kallaður er Flói og liggur í neðsta hluta Árnassýslu. Stokkseyrarhreppur stendur á hrauni sem kennt hefur verið við Þjórsá eða Tungná. Það er talið um 7000 ára gamalt. Í ytri hluta hreppsins er víðáttumikil og allt að því kennileitalaus mýri, Breiðamýri, sem teygir sig þvert yfir fyrrum Stokkseyrarhrepp, Eyrarbakahrepp og Sandvíkurhrepp vestur að Ölfusá. Þar voru grafnir fjöldi skurða á tímum Flóaáveitunnar sem setja stóran svip á svæðið en vegna hennar hafa mörg feskvatnsvötn í Stokkseyrarhreppi orðið rauðbrún sökum mýrarauða. Strandlengja Stokkseyrarhrepps er um 8 km að lengd, frá Hraunsárósi í vestri að Baugsstaðarsíki í austri. Sjávarkamburinn er yfirleitt 6-9 metra yfir stórstraumsfjöru. Stokkseyrarhreppur var aldagamalt sveitarfélag en árið 1897 klufu Eyrarbakkingar sig út úr hreppnum og stofnuðu sérstakt sveitarfélag. Frá 1897 til 1998 hafa mörk Stokkseyrarhrepps verið þau sömu, en sveitarfélagið náði yfir jörðina Stokkseyri og nærliggjandi býli þar sem stundaður er landbúnaður. Að vestri hlið lá hreppurinn að Eyrarbakahreppi og að Sandvíkurhreppi að norðan en þessi þrjú sveitarfélög, ásamt Selfossbæ, voru sameinuð í Sveitarfélagið Árborg 1998. Þéttbýlið Stokkseyri er takmarkað bæði að sunnanverðu og norðanverðu af náttúrufræðilegum aðstæðum. Byggðin stendur á lágri malaröldu sem er víða ekki breiðari en 300 metrar. Norðan malaröldunnar stendur land nokkru lægra og er votlendi. Landrýmið einkennist af móbergsböllum og holtum með mýrarsundum, tjörnum og vötnum inn á milli. Að sunnan, úti fyrir ströndinni er nær samfelldur skerjagarður og eru hafnaskilyrði þess vegna mjög erfið. Skerin fara í kaf á flóði en þegar alda vex brýtur á þeim. Lægi er innan skerjanna en það er hættusöm sigling á mjóum sundum sem eru fljót að verða ófær ef sjór versnar. Byggð á ströndinni milli Ölfusár og Þjórsár hefur frá alda öðli átt í vök að verjast fyrir ágangi sjávar en sjór brýtur þar land vegna stöðugt hækkandi sjávarstöðu.¹

Sjávarútvegur

Á Stokkseyri hefur verið kirkja frá fornu fari og þingstaður hreppsins. Stokkseyri var sömuleiðis langstærsta jörðin í hreppnum eða um 60 hundruð

eftir fornu mati. Sjö aðrar jarðir byggðust strax á landnáms- og söguöld innan Stokkseyrarhrepps. Þær voru Stjörnusteinar, Traðarholt, Baugsstaðir, Brattholt, Leiðólfsstaðir, Ásgautsstaðir og Hæringsstaðir. Á síðustu öldum hafa lögbýli verið 15-16 talsins, mörg þeirra voru tvíbýli en út frá þeim allmargar hjáleigur, grasbýli, tómthús eða þurrabúðir.

Á suðurströndinni voru helstu verstöðvar Loftstaðir, Stokkseyri, Eyrarbakki, Þorlákshöfn og Selvogur. Útræði mun hafa tíðkast frá landnámstíð. Aðstaða til sjósóknar milli Ölfusár og Þjórsár hefur þó jafnan verið erfið sem veldur hinn hættulegi skerjagarður fyrir ströndinni svo að ekki var farið á sjó vegna brims ef eitthvað var að veðri. Greina heimildir frá mörgum skipssköðum og drukknunum frá Stokkseyri. Sveiflur hafa verið í umfangi útvegs á Stokkseyri. Frekar lítið var róið frá Stokkseyri fram á 19. öld en Þorlákshöfn var þá aðal verstöðin á þessum slóðum. Upp úr 1787 verða þáttaskil. Þá hefst blómaskeið útvegs á Stokkseyri og stóð þá í hálfari öld. Þegar mest var réru 18 för árið 1826. Þetta var tímabil mikilla sjósóknara og var Þuríður formaður Einarsdóttir frá Stéttum í Hraunshverfi (1777-1863) einna þekktust fyrir útsjónarsemi og áráðni í sjómennsku. Einnig var ekki algengt að konur réru. Á þessu tímabili komu utanbæjarmenn til sjós á Stokkseyri og risu þá allmargar verbúðir upp fyrir sjómenn. Um 1833 varð afturkippur í útgerð á Stokkseyri og fækkaði skipum niður í 6 árið 1846.²

Eftir 1858 lifnaði aftur yfir sjósókn og skipum fjölgaði á ný og náði hún hámarki á síðast áratug 19. aldar. Árið 1865 gengu 15 skip frá Stokkseyri, 20 skip árið 1874 og árið 1895 gengu 36 skip frá Stokkseyri. Um 1900 gengu 38 sexæringar frá Stokkseyri og 23 fjögramannaför. Þessi ásókn í útræði frá Stokkseyri festi byggð í sessi því allmargir settust þá að í tómthúsmennsku en byggðin styrktist frekar í kjölfar verslunarréttinda og svo aftur með tilkomu vélbátáutgerðar á fyrstu áratugum 20. aldar. Fyrsti vélbáturinn var keyptur til Stokkseyrar árið 1904, 6 smálesta bátur Ingólfur sem smíðaður var að tilhlutan Ólafs kaupmanns Árnasonar. Á næstu árum fjölgaði vélbátum mjög og 1916 urðu þeir flestir, 17 talsins. Voru vélbátarnir í marga áratugi eitt helsta atvinnutæki byggðarinnar. Síðustu árin hafa Stokkseyringar róið frá Þorlákshöfn. Stærsta fiskvinnslufyrirtækið

á Stokkseyri var um langt skeið Hraðfrystihús Stokkseyrar sem sameinaðist 1988 Meitlinum í Þorlákshöfn undir heitinu Árnes hf. Frystihúsbyggingin setur stóran svip á ásýnd Stokkseyrar en hún er staðsett þar sem fyrrum stóðu bæjarhúsin á Stokkseyri og um skeið verslun Ólafs Árnasonar. Fiskvinnsla er í austasta hluta byggingarinnar en ýmiskonar menningartengd starfsemi er í öðrum hlutum hennar í dag.

Byrjað var að hlaða sjóvarnargarð árið 1890. Hann hefur verið lengdur og endurbættur og liggur nú fyrir framan alla byggð þéttbýlisins á Stokkseyri. Síðast var hann hlaðinn upp eftir stórfloð árið 1990. Hafnarskilyrði voru á Stokkseyri í erfiðasta lagi vegna mikils skerjagarðs. Stokkseyrarsund nefnist innsiglingin en skipalægið nefndist Blanda. Þar voru settar niður skipsfestar árið 1891 fyrir lítil kaupskip og má segja að það hafi verið fyrsta hafnarbótin á Stokkseyri. Skömmu fyrir aldamótin 1900 var gerð uppskipunarbyggja fyrir verslanirnar á Stokkseyri. Síðar var höfnin endurbætt 1934 og 1955 og hafa hafnarbætur einkum falist í dýpkun innsiglingar, uppsetningu sundmerkja og gerð byggju. Höfnin hefur lítið verið notuð eftir tilkomu Óseyrarbrúar.

Verslun og þjónusta

Um aldaskið var Eyrarbakki höfuðverslunarstaður Suðurlands. Þangað sóttu sunnlenskir bændur verslun og lá leið bænda úr efri hluta Árnessýslu og úr eystri sýslunum um Stokkseyrarhlað. Því má segja að þar hafi snemma getað orðið grundvöllur fyrir verslun. En straumhvörf verða er Grímur Gíslason bóndi á Óseyrarnesi eignast Stokkseyrarjörðina árið 1880. Grímur ásamt Bjarna Pálssyni frá Syðra-Seli áttu mestan þátt í að Stokkseyri var löggiltur verslunarstaður en þeir beittu sér fyrir því að samþykkt voru á Alþingi 1883 lög um löggildingu verslunarréttinda fyrir Stokkseyri.³ Tóku þau gildi ári síðar. Lögbinding verslunarréttinda á Stokkseyri er eflaust einn merkasti viðburður í sögu Stokkseyrar því með henni voru sköpuð skilyrði til athafnalífs eins og verslunar og útvegs og þannig lagður grundvöllur að vexti og viðgangi þorpsins. Fimm ár liðu frá löggildingu verslunarréttinda að fyrsti kaupmaðurinn tók þar til starfa. Ívar Sigurðsson varð fyrstur til að fá borgarabréf á Stokkseyri árið 1889. Til sölu í Verslun Ívars Sigurðssonar voru vörur eins og kaffi, sykur, tóbak, romm og ýmsar smávörur sem hann keypti fyrir ýsu sem hann slægði, saltaði og seldi. Ívar hagnaðist talvert á versluninni og rak útgerð samhliða. Hann hætti verslunarrekstri þegar Stokkseyrarfélagið tók til

starfa árið 1891 og gerðist afgreiðslumaður hjá því. Forveri Stokkseyrarfélagsins var fyrsta kaupfélagið sem bændur stofnuðu á Suðurlandi. Það var Kaupfélag Árnesinga sem stofnað var 1888 og starfaði upphaflega sem pöntunarfélag með höfuðstöðvar í Reykjavík. Bændur pöntuðu vörur og lofuðu ull, sauðum og hrossum í staðinn. Kaupfélag Árnesinga starfaði á tveimur stöðum frá 1891: rak verslun á Stokkseyri undir heitinu Stokkseyrarfélagið, en var með uppskipunarhöfn fyrir sauði í Reykjavík undir nafni Kaupfélags Árnesinga.⁴ Starfsemi þessara félaga hnignaði er tekið var fyrir sauðasölu til Bretlands árið 1896 en Stokkseyrarfélagið var starfrækt sem pöntunarfélag bænda undir verndarvæng Ólafs Árnasonar næstu áratugi en hann var umsvifamikill kaupmaður á Stokkseyri um langt skeið. Hann stofnaði verslun árið 1894 í skjóli Stokkseyrarfélagsins í fyrstu en sá svo um pantanir þess síðustu árin. Á fyrstu árum 20. aldar var verslun Ólafs Árnasonar með þeim stærri á Suðurlandi enda verslunarhættir með því laginu að vörur voru staðgreiddar og því á lægra verði. Að hætti stórkaupmanna gaf verslun Ólafs Árnasonar út eigin vörupeninga í skiptum fyrir vörur. Árið 1907 stóð Ólafur að stofnun kaupfélagsins Ingólfs ásamt bændum, einkum úr Rangárvallasýslu. Kaupfélagið Ingólfur rak mikla verslun fram yfir 1918 með útibúi á Eyrarbakka en félagið lognaðist útaf 1923. Fleiri ráku verslanir en eftir fyrri heimstyrjöldina dró úr verslun á Stokkseyri. Ýmsar ástæður lágu þar að baki, einkum bætтар samgöngur við Reykjavík og bifreiðasamgöngur, efling Reykjavíkur sem útskipunarhafnar, breyttar áherslur í landbúnaði, og að lokum stofnun samvinnufyrirtækja sunnlenskra bænda við Ölfusárbrú í kringum 1930. Síðustu áratugi hafa ýmsar verslanir verið reknar á Stokkseyri um lengri eða skemmi tíma og hafa einkum þjónað íbúum Stokkseyrar. Um aldamótin 2000 var Kaupfélag Árnesinga með útibú á Stokkseyri. Útibúi KÁ ásamt afgreiðslum Landsbanka Íslands og Pósts og síma var lokað skömmu eftir að þau voru seld úr ríkiseigu. Í dag er þar söluskáli Skeljungs. Í upphafi þessarar aldar varð mikil efling fjölbreyttrar ferðaþjónustu á Stokkseyri þar sem sett hafa verið á fót söfn, sýningasetur, gallerí, veitingahús, gisting, fjölskyldugarður og bátaleiga. Skólalald á Stokkseyri hófst á 6. áratug 19. aldar í þinghúsi hreppsins en var frá 1885 í Götuskóla. Árið 1909 var byggður nýr barnaskóli við Götuhús en frá 1950 hefur barnaskólinn verið starfræktur við Stjörnusteina. Árið 1998 var hann sameinaður barnaskólanum á Eyrarbakka og árið 2010 var tekin í notkun ný skólabygging á Stokkseyri.

Lýður Pálsson

Byggðin á Stokkseyri

Inngangur

Í umfjölluninni hér að framan er vikið að mikilvægum forsendum fyrir þéttbýlismyndun á Stokkseyri og hún sett í sögulegt samhengi. Í þessum kafla verður hins vegar reynt að varpa ljósi á það með hvaða hætti þessar forsendur, ekki síst frá náttúrunnar hendi, hafi haft áhrif á þróun byggðarinnar og mótað hana. Landslag og staðhættir urðu hvoru tveggja í senn til þess að hér voru góðar aðstæður til búskapar og sjósóknar; vetrararbeit ávallt trygg í fjörunni, greið leið var minni bátum um Stokkseyrarsund fram af Stokkseyrarhlaði, þegar sjólag leyfði, og stutt á fengsæl fiskimið.

Harður og þurr sjávarkamburinn meðfram ströndinni frá Þjórsá og vestur að Eyrarbakka varð brátt þjóðleið þeirra sem voru á leið til kaupmanna á Bakkanum og þannig gátu ferðalangar sneitt hjá torfæru mýrlendi Flóans á leið sinni. Önnur þjóðleið, ofan frá Skeiðum og meðfram Þjórsá allt frá afrétti, lá um Flóann nærri austurmörkum Stokkseyrarhrepps og sameinaðist þjóðleiðinni meðfram ströndinni austan við Baugsstaðasíki. Þjóðleiðin lá um Stokkseyrarhlað og Stokkseyri varð mikilvæg verstöð skömmu fyrir aldamótin 1800 og verslunarstaður skömmu fyrir 1900.⁵

Verbúðir byggðust upp fljótlega og þurrabúðir undir lok 19. aldar og í byrjun þeirrar 20. en þar settust að jarðnæðislausir daglaunamenn og sjómenn. Grasbýli byggðust einnig upp á sama tíma, en á þeim mátti halda skepnur og grasbýlum fylgdi jarðnæði til tónræktar en úthagar til beitar voru leigðir af lögbýlum. Húsin sem byggð voru sem þurrabúðir á þessum árum, eða hafa verið endurbyggð síðar, mynda kjarnann í elstu byggð Stokkseyrar.⁶

Ef staðsetning húsa á Stokkseyri um aldamótin 1900 er skoðuð út frá umhverfisaðstæðum þá er ljóst að húsum hefur verið valinn staður á hæðum og hólum umluktum mýrum og tjörnum. Hið sama kemur reyndar líka í ljós þegar horft er til staðsetningar bændabýla í Flóanum. Þurru svæðin næst ströndinni eru þéttbýlust, þar stóðu þurrabúðir en hjáleigur og grasbýli fjær ströndinni. Sagan sýnir okkur að ýmsar hættur steðja að byggðinni. Sjór hefur oft gengið á land og vatn ofan úr Flóanum safnaðist saman innan við sjávarkambinn meðfram ströndinni og byggðinni

voru því frá upphafi settar ákveðnar skorður eða takmarkanir. Brugðist var við hættum af sjávarflóðunum með byggingu sjóvarnargarða og skurðir voru grafnir til að veita vatni úr t.d. Löngudæl til sjávar. Önnur hætta og ekki síðri voru jarðskjálftar. Afleiðingar Suðurlands-skjálftanna 1896 og sjávarflóða setja enn þá sterkan svip á byggðina á Stokkseyri nú í byrjun 21. aldar. Eftir skjálftana 1896 fækkaði torfhúsum mikið en timburhúsum voru byggð í stað þeirra.⁷

Suðurlandsjarðskjálftar 1896

Síðsumars árið 1896 riðu fimm jarðskjálftar yfir Suðurland og ollu gífurlegum skemmdum á húsum. Fyrr jarðskjálftana voru í Stokkseyrarprestakalli 858 bæjarhús og 568 peningshús. Af þeim gjörféllu 35 bæjarhús, 171 voru mjög skemmd en 556 lítið skemmd en aðeins 96 bæjarhús voru óskemmd. Af peningshúsum er það að segja að 45 þeirra gjörféllu, 124 voru mjög skemmd og 353 lítið skemmd en aðeins 46 peningshús voru óskemmd eftir skjálftana.⁸ Ef lítið er til skemmda á einstökum jörðum á Stokkseyri þá voru á Stokkseyrarjörðinni sjálfri 17 bæjarhús og 11 peningshús fyrir jarðskjálftana og sluppu af þeim óskemmd fjögur íbúðarhús og tvö peningshús. Á Beinateg voru 18 bæjarhús og 13 þeirra skemmdust, á Kaðlastöðum voru fimm bæjarhús og sjö peningshús og skemmdust þau öll nema eitt bæjarhús. Í Hellukoti voru fimm bæjarhús og þrjú peningshús og urðu skemmdir á þeim öllum. Á Stokkseyri voru 32 sjóbúðir fyrir jarðskjálftana og skemmdust 13 þeirra mikið en 16 lítið en aðeins þrjár þeirra voru óskemmdar. Þau hús sem féllu eða skemmdust í prestakallinu voru torfhús en timburhús, sem einkum stóðu á Eyrarbakka og Stokkseyri, sluppu óskemmd. Þar á meðal voru verslunarhús, Eyrarbakakirkja og Stokkseyrarkirkja. Á Stokkseyri voru nokkur timburhús árið 1896 og má nefna Strönd sem byggt var fyrr um sumarið, Móhús eystri, Bræðraborg og á Stokkseyrarjörðinni voru fjögur íbúðarhús úr timbri.⁹

Af timburhúsum sem voru á Stokkseyri þegar jarðskjálftarnir riðu yfir 1896 standa árið 2010 aðeins tvö eftir: Stokkseyrarkirkja og Strönd. Á næstu árum voru byggð fjölmörg hús á Stokkseyri




Stokkseyri fyrir stórbrunann árið 1926. Róðrabátar eru í fjörunni fyrir neðan Bátatún og kartöflugarðar neðanvert við sjóvarnargarðinn og beitningaskúrar innan hans. Ljósá húsið fyrir miðri mynd er Nýi-Kastali sem enn stendur og framan við það er húsið Beinategur sem hefur verið rifið. Ljós. óþekktur. HérÁrn.

og nálægum jörðum í stað hinna föllnu og skemmdu torfhúsa. Þau voru ýmist byggð upp úr hinum skemmdu torfhúsum eða á nær sama stað. Í byggingarsögulegu samhengi mynda þau brú á milli torfhúsa og timburhúsa því víða var haldið í torfveggi þó svo að stafnar og þök væru smíðuð úr timbri og klædd bárujárn. Í öðrum tilvikum hélt form torfhúsanna sér þó svo að húsin væru öll smíðuð úr timbri og klædd bárujárn. Þá voru einnig byggð lítil timburhús upp úr aldamótunum 1900 sem víða setja svip á byggðina. Þessi hús, byggð á árunum 1896 og fram til um 1910, eru byggð á gömlu bæjarstæðunum. Þau tengja saman í tíma og rúmi byggðasögu Stokkseyrar frá því fyrir jarðskjálftana 1896 til dagsins í dag og eru mikilvægur hluti af byggingarlist, menningarsögu og umhverfisgæðum þorpsins. Má jafnvel í sumum tilvikum færa mörkin fram yfir 1930 hvað varðar hús sem byggð voru á gömlu bæjarstæðunum í stað fyrstu timburhúsanna sem þar stóðu.

Sjóvarnargarðar

Láglendið við ströndina milli Ölfusár og Þjórsár er opið fyrir hafi en skerjagarðurinn fyrir ströndinni ver hana þó í flestum tilvikum. Þær aðstæður hafa þó skapast að sjór gengur á land. Mest er hættan á sjávarflóðum þegar fara saman há sjávarstaða, lágur loftþrýstingur og mikill vindstyrkur af hafi. Eftir tvö sjávarflóð á Eyrarbakka árið 1787 var hlaðinn sjóvarnargarður sem reyndar tók með öllu burt í stórflóði 1799. Það sama ár var sjóvarnargarðurinn endurhlaðinn og að auki var hlaðinn garður framan við Húsið á Eyrarbakka og stendur hann enn, bættur og endurhlaðinn. Næstu áratugi var haldið áfram að hlaða sjóvarnargarð fyrir verslunarstaðnum og 1840 er talið að hann hafi verið orðinn 320 m langur. Á síðari helmingi 19. aldar héldu menn ótrauðir áfram við að hlaða sjóvarnargarða austur fyrir Eyrarbakka. Stórtækastur var Guðmundur Thorgrímssen verslunarstjóri sem lét hlaða 1.375 metra langan garð. Garðurinn var 2½ metra breiður að neðan, 1¼ metrar að ofan og að jafnaði um 1½ metra hár.




Uppdráttur danskra landmælingamanna af Stokkseyri árið 1906. Landmælingar Íslands.

Á Stokkseyri var hafist handa við að hlaða sjóvarnargarð árið 1890 og stóð Grímur Gíslason í Óseyrarnesi fyrir framkvæmdunum næstu árin. Þessi garður náði austan frá kirkjugarðinum og vestur fyrir Stokkseyrarhverfið og var um 170 metra langur og rúmir 3 metrar á hæð. Í fyrstu var grjót flutt á sleðum á snjó og ís ofan af Stokkseyrarheiði en fljótlega var grjótið brotið upp úr hraunlögnum í fjörunni. Ólafur Árnason kaupmaður lét hlaða garð austur með ströndinni um aldamótin 1900. Smátt og smátt lengdist garðurinn og um 1920 náði hann austur á mótis við Hellukot. Garður var einnig hlaðinn vestur með ströndinni og um 1960 náði hann til mótis við Kaðlastaði.¹⁰

húsin og bæirnir í flestum tilvikum sömu nöfn nú um stundir. Í sumum tilvikum er um sömu hús að ræða og sýnd eru á kortinu en í öðrum tilvikum hafa verið byggð ný hús á sumum lóðum og jörðum. Margt er kunnuglegt þegar litið er á byggðina nú, rúmlega öld síðar. Í aðalatriðum eru helstu götur byggðarinnar nú þær sömu og árið 1906, en þeim hefur verið hnikað til næst Stokkseyrarhlaðinu. Einnig hafa nýjar götur verið lagðar vegna nýbyggingasvæða. Önnur mikilvæg sérkenni í byggðinni hafa horfið svo sem steinhlaðnir garðar um lóðir og lönd og stígar sem lágu úr byggðinni út í gegnum sjóvarnargarðinn og niður í fjöru.

Stokkseyri árið 1906

Þegar byggðin á Stokkseyri var mæld og teiknuð árið 1906 stóðu húsin þétt saman á þremur svæðum við ströndina og svo á víð og dreif fjær ströndinni. Svæðin þrjú voru í miðbik byggðarinnar. Tvö þeirra voru hvorum megin við kirkjuna, Sönduhverfið að austanverðu (sjá mynd bls. 13), sjálft Stokkseyrarhlaðið um miðbik byggðarinnar (sjá myndir bls. 11) og nærri því að vestanverðu Beinategishverfið (sjá mynd bls. 12). Götuslóði lá meðfram ströndinni endilangri í gegnum byggðina og frá honum götuslóðar upp í Flóann. Byggðin afmarkaðist að vestan af Kaðlastöðum, af Hellukoti að austan og af Brekku, Ártúni, Pálskoti og Bjargi að norðan. Eins og sjá má á kortinu bera



Steinhlaðnir garðar voru algengir á mörkum lóða og settu sterkan svip á byggðina á Stokkseyri. Móakot til hægri og yst sést í Merkigarð. Ljós. óþekktur. Byggðasafn Árnesinga.

Bruninn 1926



Húsin við Stokkseyrarhlað skömmu fyrir stórbrunann 1926. Af þessum húsum standa í dag aðeins Stokkseyrarkirkja og Bjarnarborg lengst til hægri. Ljós. Haraldur Blöndal. Þjms.

Nóttina 9. – 10. desember 1926 varð stórbruni á Stokkseyri og brunnu flestöll húsin á Stokkseyrarhlaðinu eða alls sjö hús; öll hús Kaupfélagsins Ingólfs nema eitt íbúðarhús, verslunarhús Ásgeirs Eiríkssonar, íbúðarhúsið Varmidalur, heyhlaða, íshús og veiðafæraskúrar og misstu sjómenn mikið af veiðarfærum sínum.

Bruninn hafði mikil áhrif á atvinnulíf á Stokkseyri. Verslunin, sem þá stóð höllum fæti, náði sér ekki á strik aftur en sjávarútvegur náði sér þó aftur um sinn. Bruninn hefur fram á okkar tíma sett sín spor í byggðinni. Í stað verslunarhúsa voru byggð fiskverkunarhús og síðar frystihús Stokkseyrar, stórhýsi sem er áberandi í bæjarmyndinni.¹¹



Stokkseyri á tímabilinu frá 1921, þegar Gimli t.h. var byggt, og fram til brunans 1926. Öll húsin á myndinni eru horfin árið 2010 nema Stokkseyrarkirkja og Gimli. Ljós. Haraldur Blöndal. Þjms.



Beinateigshverfið vestan við Stokkseyrarhlaðið var einstök raðbygging torfhúsa sem snéru framhlið út að götu en við bakhlið þeirra voru hús sem snéru þvert á aðalhúsin. Húsin voru klædd bárujárnni og hliðarveggir steinhlaðnir. Þessi hús eru öll horfin nema ysta húsið í röðinni, Hausthús. Ljósá húsið ofarlega t.v. á myndinni er Ranakot byggt árið 1933. Ljós. óþekktur. Byggðasafn Árnesinga.



Sönduhverfið austan við Stokkseyrarhlaðið og Stokkseyrarkirkju um 1920. Eins og á Stokkseyrarhlaði og í Beinateigshverfinu stóðu húsin þétt saman og mynduðu sterka heild. Umhverfis hús og jarðaspildur eru steinhlaðnir garðar. Húsin eru talin frá vinstri Sandgerði byggt árið 1900, þá Sæborg sem hefur verið rifid, svo kemur Sólbakki byggt 1901, þá Sandprýði byggt 1899 og loks Sanda byggt 1908 en því hefur verið gjörbreytt. Fjær sér í Starkaðarhús. Aftan við húsin lengst til vinstri sér í barnaskólann sem stóð í Götuhúsum. Ljós. Haraldur Blöndal. Þjms.



Fyrrum lágu stígar frá byggðinni og út í gegnum sjóvarnargarðinn og niður í fjöru. Þeir tengdu saman byggðina og fjöruna sem áður var stór hluti af athafnasvæði íbúanna. Meðfram stígnum voru steinhlaðnir garðar og eftir stígnum var sauðfé rekið til fjörubeitar. Nú á tímum eru stígarnir og steinhlaðnu veggirnir orðnir harla fátíðir en myndin er af stígnum austast í byggðinni á milli Urðaróss og Hvanneyrar.

Skipulagsmál



Beinateigshverfið. Yst til hægri eru Hausthús, þá Traðarhús, en aftar á milli þeirra er Garðhús. Háa húsið lengst til vinstri er Nýi-Kastali. Samkvæmt skipulagsstillögu frá 1970 var gert ráð fyrir að hér risi iðnaðar- og atvinnuhús og gekk það eftir hvað varðar svæðið norðan við Beinateigshverfið. Ljós. óþekktur. Hér.Árn.

Árið 1938 var gerður mælingauppdráttur af hluta þorpsins en árið 1947 var lokið við mælinguna og Skipulag ríkisins sendi skipulagsstillögu til hreppsnefndar. Skipulagsuppdrátturinn var hafður til sýnis í 6 vikur eins og lög gerðu ráð fyrir og bærust engar athugasemdir. Í framhaldinu óskaði hreppsnefndin eftir staðfestingu ráðherra en það virðist hafa misfarist og uppdrátturinn hlaut því ekki staðfestingu. Árið 1958 var gerður nýr skipulagsuppdráttur vegna færslu á þjóðveginum í gegnum þorpið. Áratug síðar, 1969, voru settar fram tvær tillögur að legu þjóðvegjarins. Ári síðar var hreppsnefnd sendur nýr skipulagsuppdráttur til umfjöllunar ásamt greinargerð. Enn var haldið áfram við endurskoðun á skipulagi fyrir Stokkseyri árin 1972 og 1974. Skipulagsstjóri setti fram nýja skipulagsstillögu 1977 þar sem m.a. var gert ráð fyrir 67 einbýlishúsum og 20 íbúðum í raðhúsum norðan Þuríðarbúðar. Árið 1984 gerði Skipulag ríkisins tillögu að deiliskipulagi verslunar- og þjónustuhverfis á Stokkseyri og 1987 var gerð tillaga að deiliskipulagi Sönduhverfisins. Ári síðar

var sett fram tillaga að aðalskipulagi Stokkseyrar 1988-2008 ásamt greinargerð.¹²



Bátar voru teknir upp á Bátatún vestan við samkomuhúsið Gimli. Lengst til vinstri eru Hausthús, Brávellir, sem voru rifnir árið 1974, og Sunnuhvol ber í bátana. Ljós. óþekktur. Einkaeign.




Stokkseyri. Drög að nýju gatnafyrirkomulagi 1958. Hús sem þá höfðu verið byggð og steingarðar um lóðir og sjóvarnargarðurinn hafa verið dekkð á uppdrættinum. Skipulag ríkisins.

Á skipulagsuppdrættinum frá 1958 er gert ráð fyrir einbýlishúsum við Löngudæl og við Stjörnusteina. Af uppdrættinum má glögg sjá að við fyrirhugaða breikkun gatna var lítið tillit tekið til eldri húsa og hvað þá steinhláðinna garða umhverfis þau.



Á ljósmyndinni hér til hliðar sem tekin er árið 1960 er horft yfir Stokkseyri til austurs og er Langadæl til vinstri. Þungamiðja byggðarinnar er næst Stokkseyrarhlaði og höfninni. Ljós. Þorsteinn Jósepsson. Þjms.



Tillaga að skipulagi Stokkseyrar gerð í ágúst 1970. Skipulag ríkisins.



Í skipulagstillögu Skipulags ríkisins fyrir Stokkseyri árið 1970 var gert ráð fyrir því að Eyrarbraut sveigi frá þungamiðju byggðarinnar á Stokkseyrarhlaði og mæti þar Hásteinsvegi. Sólvellir eru framlengdir austur úr byggðinni samsíða Hásteinsvegi og gert ráð fyrir nýrri götu þvert í gegnum Sönduhverfið og austan við það er gert ráð fyrir einbýlishúsum. Vegur upp frá Beinateigshverfinu og fram hjá barnaskólanum var lagður af. Þá gerir tillagan ráð fyrir nýjum iðnaðar- og athafnahúsum á milli Eyrarbrautar og sjóvarnargarðsins og að gömul hús þar víki. Af steinhlöðnum gördum í þorpinu hefur aðeins sjóvarnargarðurinn verið teiknaður inn á kortið.

Horft yfir Stokkseyri árið 1960. Eyrarbraut liggur vestan að til Stokkseyrarhlaðs, Stjörnusteinar norðan úr Flóanum og Hásteinsvegur austanfrá. Með skipulagsstillögunni 1970 var dregið verulega úr mikilvægi miðpunkts byggðarinnar. Ljósmynd. Þorsteinn Jósefsson. Þjms.



Yfirlitskort af Stokkseyri gert 1988. Verkfræðistofa Suðurlands.

Þegar unnið var að gerð aðalskipulags Stokkseyrar 1988-2008 var gert yfirlitskort yfir byggðina. Það sýnir vel hvernig byggðin hafði þróast. Af samanburði á kortunum frá 1970 og 1988 er ljóst að á þeim tæplega tveimur áratugum sem liðu voru byggð mörg ný hús á Stokkseyri en einnig viku mörg eldri hús.

Flestar nýbyggingar risu við botnlangagötur frá Eyrarbraut að Löngudæl og nokkur hús risu við Heiðarbrún handan vatnsins. Annað byggingasvæði var við Stjörnusteina og það þriðja við Hásteinsveg. Iðnaðarhús voru reist við Eyrarbraut upp að sjóvarnargarðinum og fiskvinnsluhúsin á Stokkseyrarhlaði runnu saman í eina stóra byggingu. Við Hásteinsveg austast í byggðinni voru byggð sumarhús.



Austast í bænum eru sumarhús meðfram sjóvarnargarðinum. Flest öll þeirra eru vel hönnuð og vönduð hús og einkennandi fyrir byggingarlist á tímabilinu 1960-1980. Huga þarf að því að þessi húsasamstæða haldi sérkennum sínum.



Horft austur yfir Stokkseyri árið 1990. Ný íbúða-byggð er við Löngudæl og atvinnuhúsnæði hefur risið á milli Eyrarbrautar og sjóvarnargarðsins. Ljós. Mats Wibe Lund.



Horft vestur yfir Stokkseyri árið 1990. Byggðin er afmörkuð á milli strandar annars vegar og Löngudælar og tjarna- og mýrasvæða fjær ströndinni. Ljós. Mats Wibe Lund.



Árborg. Aðalskipulagstillaga 2010-2030. Þéttbýlisuppráttur. Stokkseyri. Hluti. Vinnustofan Þverá.



Ísólfskáli austast á Stokkseyri var teiknaður af Gunnari Hanssyni arkitekt fyrir Pál Ísólfsson tónskáld árið 1962. Húsið er sérstaklega áhugavert því hér mætast í sterka byggingarlistarlega heild hrein form modernismans og íslensk byggingarhefð í steinhlöðnum veggjum hússins og gördum umhverfis það. Steinhlaðnir garðar einkenndu byggðina á Stokkseyri langt fram eftir 20. öld. Lagt er til að húsið verði friðað ásamt steingörðum.

Í aðalskipulagi Árborgar 2005-2025, og við endurskoðun þess sem nú nýverið hefur verið auglýst til kynningar, er sett fram mjög metnaðarfull stefna sveitarstjórnar um hverfisvernd í sveitarfélaginu.

Í greinargerð með aðalskipulagi 2005-2025 segir m.a. í kafla 4.4.5. *Friðuð mannvirki, húsakannanir, hverfisvernd:*

Hverfisverndin tekur til einstakra húsa, götumynda, húsaðaða og heildaryfirbragðs sem skal varðveita og halda sem upprunalegustu. Sérstök aðgát skal höfð við breytingar, viðbyggingar, nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð s.s. gerð gatna, gangstétta, girðinga og grjótgarda, og ákvarðanir um breytingar á einstökum húsum eða umhverfi þeirra skulu teknar með tilliti til sérkenna og þess gildis sem byggingarnar hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist. Virða skal upprunalega gerð bygginga og halda óbreyttri efnisnotkun við frágangs- og deililausnir.

Nýbyggingar skulu sniðnar að þeirri byggð sem fyrir er hvað varðar stærðir, form, mænisstefnu, efnisval og liti, án þess að um eftiröpun þurfi að vera að ræða. Allar breytingar svo og niðurrif er háð leyfi byggingarnefndar og umsögn Húsafriðunarnefndar ríkisins þegar um er að ræða hús byggð fyrir 1918. Stuðla skal að því að þau hús sem hafa orðið fyrir miklum útlitsbreytingum verði færð í upphaflegt horf eða horf sem hæfir húsagerð og umhverfi betur. Við gerð deiliskipulags hverfisverndarsvæðanna skal setja sérstaka byggingarskilmála sem tryggja að ákvarðanir í skipulags- og byggingarmálum samræmist menningarlegum markmiðum húsverndar.¹³

Samhljóða stefna er sett fram í greinargerð með aðalskipulagstillögu 2010-2030 og á uppdrætti hér að ofan er afmarkað hverfisverndarsvæði í miðbik byggðarinnar merkt með láréttum hvítum línunum.¹⁴

Umhverfi byggðarinnar

Ríkjandi þættir

Ríkjandi þættir eru áberandi sérkenni og rýmismynstur bæjar af sjónlistarlegum toga, ýmist í bænum sjálfum eða milli hans og umhverfis hans. Þessir þættir geta verið bæjarmynd, ásýnd byggðar og landslags, aðalgatnakerfi eða þá áberandi byggingar, kennileiti, göturými, torg eða opin svæði.¹⁵

Ríkjandi þættir í bæjarumhverfi Stokkseyrar eru einkum þessir:

- Lega þorpsins á lágum og mjóum mararbakka á milli sjóvarnargarðs við ströndina og tjarna og mýrasvæða fjær ströndinni. Byggðin einkennist af lágreistri byggð (að mestu 1 – 1½ hæða húsum) sem þó er brotin upp af mun hærri og umfangsmiklum húsum miðsvæðis í bænum.

- Land er lágt og einkennist af lágum hólum eða hæðum og lægri bollum eða dælum sem gjarnan eru með litlum tjörnum eða mýrarkend. Í norðvesturhluta bæjarins er allstór tjörn, Langadæl.

- Helsta gata þorpsins liggur í gegnum það endilangt og fylgir strandlínunni. Þvergötur eru norður úr aðalgötunni.

- Í þorpinu má finna vísi að tveimur torgum. Annað er gamla Stokkseyrarhlaðið vestanvert við kirkjuna og hitt er Bátatún vestan við frystihúsið. Opin svæði eru víðast hvar í þorpinu enda renna hér saman náttúrulegt umhverfi þorpsins og tiltölulega dreifð byggð þess.

- Í byggðarmyndinni eru helstu kennileiti frystihúsið og nýji barnaskólinn þegar litið er til stærðar bygginga og svo Stokkseyrarkirkja sem stendur fallega í kirkjugarðinum í miðri byggðinni.

- Ásýnd byggðarinnar einkennist mjög að hinu nána samspili milli náttúrunnar og byggðarinnar; fjörunni og landslag Flóans sem gengur svo að segja í gegnum byggðina en á mótum lands og hafs er sjóvarnargarðurinn. Tenging byggðarinnar – bæði sveitar og þorpsins – við hafið eru þó ekki eins glögg í þorpsmyndinni og áður þegar götur og slóðar lágu víða þvert á ströndina og út í gegnum sjóvarnargarðinn.

- Í þorpinu eru margar fornleifar; rústir margvíslegra húsa og garðabrot auk sjóvarnargarðsins. Fornleifaskráningu er ekki að fullu lokið og eftir að merkja fornleifar inn á kort og marka stefnu um varðveislu þeirra.



Sjóvarnargarðurinn er mjög áberandi sérkenni byggðarinnar.



Frustihúsið og Stokkseyrarkirkja standa í miðri byggðinni en hér skortir mjög á að tekið sé á stefnumótun um útlit gamla Stokkseyrarhlaðsins.



Byggðin var mjög dreifð en síðustu áratugi hefur byggðin verið þétt verulega í gegnum ákvæði í skipulagi sveitarfélagsins.

Byggðamynstur

Byggðamynstur er fyrirkomulag byggðar og landnotkunar, s.s. húsagerðir, hæð húsa, þéttleiki byggðar og tegundir landnotkunar. Líta má á byggðamynstur sem þrívíddarlegt mynstur þess sem byggt er og rýmisins þar á milli (byggingar og götur), stærðar reita (sem gatnakerfið afmarkar) og stefnu (afstöðu til átta). Hver bær, bæjarhluti, eða reitur getur haft mismunandi bæjarmynstur sem ræðst af götum, stígum, torgum, opnum svæðum, lóðastærð og fyrirkomulagi og gerð húsa.¹⁶ Þegar lítið er til byggðamynsturs Stokkseyrar má sjá að:

- Gatnakerfið einkennist öðru fremur af aðalgötunni í gegnum endilanga byggðina, Eyrarbraut og Hásteinsvegi og Stjörnusteinum sem liggur þvert á þær þar sem göturnar mætast nærri gamla Stokkseyrarhlaðinu í miðpunkti byggðarinnar. Í vesturhluta bæjarins eru stuttar þvergötur út frá Eyrarbraut og norðan við Löngudæl liggur Heiðarbrún samsíða vatninu og Eyrarbraut. Í austurhluta bæjarins er lega gatna ýmist samsíða eða þvert á Hásteinsveg og víða eru stuttir botnlangar eins og í bænum vestanverðum. Út frá Stjörnusteinum liggja einnig stuttir botnlangar.

- Húsin standa nær því öll inni á lóð og forgarðar eru á milli húsa og götu eða gangstétta.

- Áberandi munur er á milli íbúðasvæða og athafnasvæða hvað varðar stærðir og umfang húsa. Umfangsmestu húsin eru frystihúsið og grunnskólinn miðsvæðis í bænum og atvinnuhús við Eyrarbraut.

- Íbúðasvæðum má gróflega skipta í nokkur svæði sem hafa sameiginleg einkenni þegar lítið er til húsforma. Annars vegar er að nefna hús sem byggð eru fyrir 1940, eru jafnan hæð og ris og sum þeirra portbyggð, lítil að grunnfleti og standa saman annars vegar nærri Stokkseyrarhlaði eða á víð og dreif í þorpinu. Hins vegar eru nokkur hús sem byggð eru milli um 1940 og 1960 og eru hæð og ris og mun stærri en húsin frá því fyrir 1940. Þau standa víða innan um hús sem byggð eru eftir 1960. Húsin sem byggð eru eftir 1960 og fram undir 2010 eru jafnan ein hæð og þau þeirra sem byggð eru á fyrri hluta tímabilsins eru með lágu einhalla þaki en þau frá seinni hluta tímabilsins eru með lágu risþaki. Þessi hús eru mun stærri en húsin sem byggð voru fyrir 1940 og standa á skipulögðum svæðum og mynda heildir samstæðra húsa. Þau standa einkum á milli Eyrarbrautar og Löngudælar, við Heiðarbrún, við Stjörnusteina og við Hásteinsveg og við aðlægar götur; Íragerði, Blómsturvelli og Ólafsvelli. Síðasta áratuginn eða svo voru byggð nokkur parhús og þau skera sig úr þorpsmyndinni vegna stærðar sinnar.



Byggðin næst gamla Stokkseyrarhlaðinu, kirkjan og frystihúsið og íbúðarhús frá fyrstu áratugum 20. aldar en fjær þeim eru lágreistari íbúðarhús en jafnframt mun stærri að grunnfleti.



Sönduhverfið austan við Stokkseyrarkirkju var byggt upp úr 1900 og húsin þar eru öllu íburðarmeiri en t.d. húsin sem byggð voru í Beinategshverfinu nokkru vestan við Stokkseyrarhlaðið.



Bátatún er nú um stundir allstórt malarborðið hlað vestan frystihússins en fjær sjást leifarnar af Beinategshverfinu.



Við Hásteinsveg standa hús sem byggð eru eftir 1960. Þau eru ýmist með lágu einhalla þaki eða lágu risþaki og standa innarlega á afgirtum lóðum.



Horft yfir byggðina af sjóvarnargarðinum. Húsin frá því fyrir um 1950 eru jafnan með rismeiri þök og meira áberandi í þorpsmyndinni en yngri og rislægri hús.



Viðlagasjóðshúsin á milli Eyrarbrautar og Löngudælar séð vestur yfir dælina. Húsin eru öll mjög svipuð hvað varðar form og efnisval og mikilvægt er að þessi húsafyrping haldi sérkennum sínum í þorpsmyndinni.

- Auk forms og umfangs húsa er mjög augljós munur á húsum sem byggð eru fyrir 1940 og síðar. Munurinn felst í staðsetningu húsanna; þeim eldri var skipað niður eftir atvinnuháttum þannig að sjósóknarar bjuggu næst ströndinni oft þétt saman en þeir sem stunduðu landbúnað komu sér fyrir fjær ströndinni og á mun stærri lóðum. Húsin frá því eftir 1960-1970 eru hins vegar staðsett samkvæmt skipulagi í reglulegar raðir inni á lóðum sem eru mun minni en var á fyrri hluta 20. aldar.

- Mismunandi húsform endurspeglast í ásýnd byggðarinnar; elstu húsin eru jafnan hærra en þau yngri því þau standa á kjallara eða háum sökkli á lágum hólum eða bungum, eru með rishærra þök og eru þannig hærra og meira áberandi í þorpsmyndinni. Húsin sem byggð eru eftir 1960 eru með lágum þökum og standa lægra í umhverfinu. Þegar horft er yfir byggðina standa eldri húsin upp úr og eru meira áberandi miðað við fjölda þeirra en láreistari yngri hús. Innan um yngri hús sem eru mjög svipuð að útliti innbyrðis og eru byggð á skipulögðum lóðum standa eldri hús sem endurspeglar það byggðamynstur sem var svo áberandi á fyrri helmingi 20. aldar og einkenndist öðru fremur af dreifðri byggð.

- Elstu húsin eru flest byggð úr timbri en hús byggð eftir um 1960 eru ýmist byggð úr steinsteypu eða timbri en þó má sjá mun eftir tímabilum. Í því sambandi er hægt að nefna Viðlagasjóðshúsin sem öll eru byggð úr timbri.

Einstök göturými og áberandi hús

Þriðji þáttur bæjarumhverfis tekur til samstæðna húsa, göturýma eða einstakra húsa sem eru sérstaklega áberandi vegna staðsetningar, gerðar eða útlits. Sem dæmi má nefna hús við enda götu, við torg eða á hæð í bænum, eða hús sem sökum stærðar, forms eða hæðar eru kennileiti. Fjallað er um húsin með hliðsjón af gildi þeirra fyrir svipmót og sjónlist bæjarins.¹⁷

Eyrarbraut er aðalgatan í vesturhluta þorpsins. Við hana að norðanverðu standa einnar hæðar einbýlishús með lágu risþaki. Þau standa samsíða götunni inni á afgirtum lóðum. Að sunnanverðu eru hins vegar atvinnuhúsnæði af mörgum toga og snúa þvert á götuna og standa á óafmörkuðum lóðum. Meðfram Eyrarbraut norðan megin er gangstétt og grasræma á milli akbrautar og gangstéttar. Innan um íbúðar- og atvinnuhúsin standa á stöku stað eldri íbúðarhús úr timbri.



Eyrarybraut séð til austurs. Láreist einbýlishús eru norðan götunnar en atvinnuhúsnæði að sunnan.



Stokkseyrarkirkja er elsta byggingin á Stokkseyri og er eitt helsta kennileiti í byggðinni.



Eyrarybraut séð til vesturs. Iðnaðar- og atvinnuhús eru sunnanvert við götuna og snúa þvert á hana. Handan götunnar standa tvö gömul timburhús út við götuna en á milli þeirra eru yngri og lægri timburhús sem standa fjær götunni. Staðsetning og form gömlu húsanna gerir þau sérstaklega áberandi og mikilvæg í götumyndinni.



Sönduhverfið austan við Stokkseyrarkirkju er ein heilstæðasta húsaþyrping á Stokkseyri frá gamalli tíð.



Stjörnusteinar eða Kakkavegur, eins og gatan hét á árum áður, liggur í norður upp í Flóann frá gamla Stokkseyrarhladini. Við götuna standa einbýlishús frá síðari hluta 20. aldar en þar eru einnig nokkur hús frá fyrsta fjórðungi aldarinnar.



Ísólfskáli byggður 1962 eftir teikningum Gunnars Hanssonar arkitekts er tvímælalaust eitt áhuga-verðasta hús á Stokkseyri frá síðari hluta 20. aldar í byggingarlistarlegu tilliti. Lagt er til að Húsafríðunarnefnd meti varðveislugildi hússins m.t.t. hugsanlegrar fríðunar þess.

Byggingarhefð og húsagerð

Eins og vikið var að hér að framan féllu eða skemmdust fjölmörg torfhús í Stokkseyrarhreppi í jarðskjálftunum árið 1896. Árið 1912 voru í öllum hreppnum 72 timburhús, tvö steinsteypt hús, fjórir steinbærir og 32 torfbærir eða samtals 110 hús.¹⁸

Sjóbúðir voru fjölmargar á Stokkseyri undir lok 19. aldar. Engin þeirra hefur varðveist en árið 1949 lét Stokkseyringafélagið í Reykjavík byggja sjóbúðina Þuríðarbúð til minningar um Þuríði Einarsdóttur formann (1777-1863).¹⁹ Þetta tilgátuhús gefur vísbendingu um gerð þurrabúða á Stokkseyri á 19. öld.

Torfhús frá gamalli tíð hafa ekki varðveist á Stokkseyri en þó eru þar dæmi um síðasta stig í þróun íslenska torfbæjarins. Er hér átt við Garðhús við Eyrarbraut 19 sem var byggt 1890 og endurbyggt í núverandi mynd 1916.²⁰



Garðhús við Eyrarbraut 19 var upphaflega byggt 1890 en endurbyggt 1916.



Hausthús við Eyrarbraut 17, elsti hluti hússins t.v. er frá 1896 en burstin t.h. byggð 1936.

Annað bárujárnsklætt hús af sama meiði er Hausthús við Eyrarbraut 17 en það var hluti að Beinategshverfinu. Lægri burstin t.v. var byggð jarðskálftaárið 1896 en hærri burstin t.h. var byggð 1936 og loks var viðbygging úr holsteini reist við húsin árið 1939.²¹

Það gætir töluverðrar fjölbreytni í húsagerðum á Stokkseyri á árunum eftir jarðskjálftana 1896. Auk húsagerðana sem nefndar voru hér að framan voru byggð íbúðarhús klædd bárujárni sem voru ein hæð og portbyggt ris og oft voru við slík hús viðbyggingar við langhlíðar. Eitt þeirra er Deild við Sandgerði 9 byggt árið 1901.²²

Önnur hús voru stærra að grunnfleti, oft með viðbyggingu við gafl eins og Sjónarhóll við Hásteinsveg 40 sem byggt var 1896, Merkigerði byggt 1902 og Móakot byggt árið 1906 bæði við Ólafsvelli.²³



Deild við Sandgerði 9, byggt árið 1901 svipar til húsa sem risu upp úr torfbæjunum í lok 19. aldar.



Sjónarhóll frá 1896, Hásteinsvegi 40, er dæmi um íbúðarhús þar sem húsbreiddin er meiri, annað innra fyrirkomulag og viðbyggingar við gafla.



Merkigerði byggt 1902.



Sjólyst við Strandgötu 8 byggt 1902.



Móakot byggt árið 1906.



Bræðratunga byggð 1910, reisulegt hús á háum kjallara og með miðjukvistum.

En það voru einnig byggð hús þar sem meira var lagt í útlit þeirra en hin venjubundnu hús alþýðunnar sem getið er hér að framan. Eitt þeirra er Sandprýði við Sandgerði 5 sem byggt var árið 1899. Húsið hefur yfir sér nýklassískt yfirbragð og á því er miðjukvistur og upphaflega voru bjórar yfir gluggum. Annað hús sem ber með sér önnur áhrif í byggingarlist er Sjólyst við Strandgötu 8 sem byggt var 1902. Húsið sem er byggt sem parhús hefur sérkenni sveitserstíls.

Á fyrstu áratugum 20. aldar urðu húsin enn reisulegri eins og Bræðratunga frá 1910 er dæmi um.²⁴



Roðgúll við Hásteinsveg 13 var byggt árið 1926.



Sandprýði við Sandgerði 5 byggt 1899.

Í útjaðri þorpsins voru byggð grasbýli, sem mörg hver eru nú umlukin yngri byggð, eins og t.d. Helgastaðir við Tjarnarstíg 9 sem byggt var 1906 og Roðgúll við Hásteinsveg 13 byggt 1926. Það er á háum kjallara, portbyggt og útihús eru sambyggð því. Þessi hús, og önnur svipaðrar gerðar, eru mikilvæg í umhverfislegu, menningarsögulegu og byggingarlistarlegu tilliti fyrir Stokkseyri.²⁵

Varðveislumat húsa

Úttekt og mat á varðveislugildi

Við byggða- og húsakönnunina á Stokkseyri var gerð úttekt og lagt mat á varðveislugildi allra húsa á skráningarsvæðinu sem byggð voru fyrir 1940. Sum hús voru þó undanskilin í könnuninni og ber þar fyrst að nefna bílskúra og geymsluskúra á lóðum íbúðarhúsa.

Skráðar voru upplýsingar um ytri gerð húsanna og teknar af þeim ljósmyndir og upplýsingar um hvert þeirra færðar inn á skráningareyðublöð. Loks var varðveislugildi hvers húss metið út frá gildi þess fyrir byggingarlist, menningarsögu, umhverfi, upprunalega gerð og tæknilegt ástand. Við mat á varðveislugildi eru gefin tölugildi frá 1–9 þar sem hús með hæsta varðveislugildi fá 1. Húsum er skipt í þrjá flokka, þ.e. hús með hátt varðveislugildi (1–3), hús með miðlungs varðveislugildi (4–6) og hús með lágt varðveislugildi (7–9).

Við könnunina á Stokkseyri er fyrst og fremst litið til mikilvægis hvers húss fyrir umhverfi sitt og menningarsögu sveitarfélagsins og varðveislugildi þess metið út frá því. Einnig voru skoðuð sérkenni húsa vegna byggingarlistar. Minni áhersla hefur verið lögð á upprunalega gerð húsa og tæknilegt ástand þeirra við mat á varðveislugildi. Í mörgum tilvikum hafa verið gerðar breytingar á húsum sem varða ytri frágang þeirra, svo sem á klæðningum og gluggum. Ef slíkar breytingar eru taldar afturkræfar og unnt að færa ytra útlit húsa aftur í það horf sem þau höfðu áður fyrr eru breytingarnar ekki látnar draga úr mati varðveislugildi húsa. Við gildismatið var að öðru leyti stuðst við eftirfarandi skilgreiningar í leiðbeiningum Húsafriðunarnefndar um *Byggða- og húsakannanir* en samkvæmt þeim tekur mat á varðveislugildi til:

- *Byggingarlistar* sem metin er út frá hlutföllum, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarluta ásamt samspili forms, efnismeðferðar og notagildis. Einnig er metið hvort byggingin sé í eðli sínu og út frá staðsetningu góð, miðlungi góð eða óheppilegt dæmi um þá byggingargerð sem hún flokkast til. Einnig getur verið um að ræða gott höfundardæmi hönnuðar hússins. Þetta mat tekur jafnt til hefðbundinna húsa og þeirra sem teiknuð eru af arkitektum eða öðrum hönnuðum. Matið er miðað við útlit hússins nú, og skal lagt mat á hugsanlegar breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu. Gildi hússins vegna

staðbundinnar byggingarhefðar eða gerðar og handverks er metið. Einnig er tekin afstaða til þess hvort fá dæmi séu til um þá byggingargerð sem húsið telst til. Lagt er mat á hvort í húsinu séu dæmi um tæknilegar nýjungar eða efnisval miðað við þann tíma sem húsið er byggt á. Að lokum eru skráðar upplýsingar um sérkenni byggingarlistar hússins og rök fyrir mati á byggingarlist.

- *Menningarsögulegs* gildis byggingar sem m.a. er metið út frá því hvort sögufrægir atburðir tengist húsinu eða það standi á sögufrægum stað. Einnig er mikilvægi húss metið eftir því hvort það sé nánast eina byggingin á svæði þar sem áður fyrr var nokkur byggð og sé til vitnis um þróun byggðar og starfsemi og líf sem þar var. Gildi hússins er einnig metið eftir sérstæðri upphaflegri notkun þess t.d. vegna atvinnuhátta sem nú eru aflagðir eða hafa breyst verulega. Að lokum eru skráðar upplýsingar um m.a. hvort sögufrægir atburðir tengist húsinu.

- *Umhverfisgildis* sem er metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götamynd eða hverfi. Einnig er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki. Að lokum eru skráðar athugasemdir og rök fyrir mikilvægi hússins í umhverfi sínu.

- *Upprunalegrar gerðar* húss sem er metin út frá athugun á því hvernig upprunaleg gerð þess hefur varðveist og metið er hvernig tekist hefur til með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar. Einnig er lagt mat á hvernig tekist hefur til með breytingar á húsinu, ef þær hafa verið gerðar, og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarluta hússins. Hugað er að því hvort samsvörun sé á milli þess sem byggt var og er sjáanlegt í dag og húsið þannig til vitnis um þá verkmenningu sem ríkjandi var á byggingartíma þess. Að lokum eru skráð rök fyrir mati á varðveislunni upprunalegrar gerðar húss eftir hugsanlegar breytingar sem hafa verið gerðar á því.

- *Tæknilegs ástands* á ytra byrði húss sem metið er sjónrænt út frá því hvort því er haldið vel við og enn fremur lagt mat á almennt tæknilegt ástand þess. Hafa ber í huga að tæknilegt ástand húss hefur að jafnaði ekki áhrif á varðveislugildi þess. Að lokum eru skráðar upplýsingar um tæknilegt ástand húss og rök færð fyrir mati.

Varðveislugildi húss er endanlega metið út frá öllum þessum gildum en gildi hússins frá sjónarmiði byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vegur þó þyngst. Að lokum eru færð rök fyrir varðveislugildi hússins.

Niðurstöður úttektar og mats á húsum eru sett fram í texta og ljósmyndum og ekki síst á kortum þar sem sýnt er byggingarefni húsa, byggingarár eða -tímabil og varðveisluflokkar. Niðurstöður á varðveislumati byggðar og einstakra húsa eru sýndar á korti, húsverndarkorti, þar sem eftirfarandi verndarflokkar eru auðkenndir:

- *Friðuð hús*, hús byggð fyrir 1850 og kirkjur byggðar fyrir 1918 auk húsa sem friðuð eru af menntamálaráðherra, auðkennd með bláum lit (Pantone 286 C).
- *Einstök hús*, *húsaraðir* og *götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögu-legrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra, auðkennd með rauðum lit (Pantone 185 C).
- *Samstæður húsa* og *heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegra sérstöðu þeirra, auðkennd með gulum lit (Pantone 102 C).²⁶

Varðveisluflokkar

Eins og áður segir er húsum skipt í þrjá varðveisluflokka eftir varðveislugildi þeirra, þ.e. hús með hátt varðveislugildi (1–3), hús með miðlungs varðveislugildi (4–6) og hús með lágt varðveislugildi (7–9). Þá er friðuðum húsum skipað í sérstakan flokk. Hér eru birt dæmi um hús í hverjum flokki um sig.

Friðuð hús

Á Stokkseyri er, enn sem komið er, aðeins eitt friðuð hús en það er Stokkseyrarkirkja sem byggð var 1886, hönnuð og smíðuð af Jóni Þórhallasyni forsmið.²⁷ Kirkjan var friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.²⁸



Stokkseyrarkirkja var byggð árið 1886 af Jóni Þórhallasyni forsmið.

Varðveislumat Stokkseyrarkirkju

Byggingarlist: 1. Kirkja í góðum hlutföllum og vel útfært byggingarlistaverk.

Menningarsaga: 1. Sóknarkirkja, umgjörð trúarlífs Stokkseyringa.

Umhverfi: 1. Mjög mikilvæg í miðpunkti byggðarinnar, kennileiti.

Upprunaleiki: 2. Nánast upprunaleg að utan en veggir voru klæddir vatnsklæðningu en nú klæddir bárujárni.

Tæknilegt ástand: 1. Í mjög góðu ástandi.

Varðveislugildi: 1. Vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Hátt varðveislugildi (1–3)

Varðveislugildið 1 fengu 4 hús að meðtalinni Stokkseyrarkirkju, varðveislugildið 2 fengu 15 hús og varðveislugildið 3 fengu 16 hús. Í varðveisluflokki 1–3 eru 35 hús.



Garðhús við Eyraþraut 19 var upphaflega byggt árið 1890 en gert upp 1916. Húsið er dæmigert fyrir þurrabúðir frá því um aldamótin 1900.

Varðveislumat Garðhúss

Byggingarlist: 1. Gott dæmi um þurrabúð ásamt útihúsum.

Menningarsaga: 1. Þurrabúð þar sem saman fara torfhúsahefð og hið nýja byggingarefni; bárujárni.

Umhverfi: 1. Mikilvægur hluti heildar gamalla alþýðuhúsa í Beinategshverfinu.

Upprunaleiki: 2. Nær upprunalegt en þarfnast lagfæringar á síðustu breytingum.

Tæknilegt ástand: 1. Gott.

Varðveislugildi: 1. Vegna menningarsögu, byggingarlistar, upprunaleika og umhverfis.



Bræðratunga, byggt árið 1910.

Varðveislumat Bræðratungu

Byggingarlist: 2. Góð hlutföll en þarfnast nokkurrar endurskoðunar við í ýmsum frágangi.

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús.

Umhverfi: 2. Kennileiti í útjaðri byggðarinnar, markar aðkomu að þéttbýlinu austanfrá.

Upprunaleiki: 2. Virðist lítið breytt.

Tæknilegt ástand: 3. Þökkalegt en húsið þarfnast málunar.

Varðveislugildi: 2. Vegna byggingarlistar og staðsetningar í umhverfi.



Merkigarður við Ólafsvelli 2, byggt árið 1902.

Varðveislumat Merkigarðs

Byggingarlist: 4. Einfalt alþýðuhús, margviðbyggt.

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús.

Umhverfi: 3. Hluti heildar þriggja húsa.

Upprunaleiki: 5. Mikið breytt með viðbyggingum, gluggum breytt.

Tæknilegt ástand: 3. Virðist þökkalegt.

Varðveislugildi: 3. Vegna umhverfis og gerðar.

Miðlungs varðveislugildi (4–6)

Varðveislugildið 4 fengu 5 hús, varðveislugildið 5 fengu 5 hús og varðveislugildið 6 fékk 1 hús. Í varðveisluflokki 4–6 eru 11 hús.



Garðbær byggt árið 1939 úr holsteini, síðar var steipt utan á vegg og þeir loks klæddir steniþlötum.

Varðveislumat Garðbæjar

Byggingarlist: 6. Hús einfaldrar gerðar og án byggingarlistarlegrar gæða eftir breytingar.

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús.

Umhverfi: 3. Húsið stendur innan húsabyrpingar eldri húsa og getur haft mikil áhrif á heildina.

Upprunaleiki: 5. Húsið er byggt úr holsteini en síðan var steipt utan á það og loks var það klætt Steniþlötum.

Tæknilegt ástand: 3. Virðist gott.

Varðveislugildi: 4. Hefur gildi vegna nálægðar við eldri merk hús allt í kring, þetta hús mætti klæða bárujárni, laga glugga og þakkant til að auka til muna varðveislugildi þess.

Varðveislumat Vestri-Móhúsa

Byggingarlist: 5. Ágæt hlutföll en gluggasetning mjög óhefðbundin en ósamræmi felst öðru fremur í veggklæðningu og breyttum gluggum.

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús sem er blanda stíltegunda.

Umhverfi: 4. Áberandi í byggðinni ekki síst vegna stærðar og litar.

Upprunaleiki: 4. Form hússins helst en klæðningu og gluggum hefur verið breytt.

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott.

Varðveislugildi: 5. Húsið er vissulega áberandi í umhverfinu vegna stærðar og litar en mjög skortir á listgildi þess og gildi fyrir umhverfi.



Vestri-Móhús, byggt árið 1935.



Garður, Strandgötu 11, byggt úr holsteini árið 1940.

Varðveislumat Garðs

Byggingarlist: 6. Funkishús byggt úr holsteini en klætt vatnsklæðningu.

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús.

Umhverfi: 5. Húsformið sker sig úr öðrum nálægum húsum.

Upprunaleiki: 5. Útlit hússins með vatnsklæðningu er nokkuð langt frá upprunalegu útliti.

Tæknilegt ástand: 5. Húsið virðist þarfnast viðhalds og ekki hefur verið lokið við að ganga frá vatnsklæðningunni.

Varðveislugildi: 6. Hefur ekki sérstakt varðveislugildi í samanburði við hús byggð fyrir 1940.

Lágt varðveislugildi (7–9)

Ekkert húsanna fékk varðveislugildið 7-9.

Niðurstöður

Víða hafa verið höggvin skörð í raðir hinna gömlu húsa á Stokkseyri og sérkenni byggðarinnar því ekki eins ljós og var langt fram eftir 20. öld. Því mikilvægara er að vera á varðbergi og huga vel að hinu sérstæða byggðamynstri Stokkseyrar. Það má m.a. gera með því að vernda hús á svæðinu næst Stokkseyrarkirkju eins og þegar hefur verið lagt til í aðalskipulagi sveitarfélagsins. En önnur sérkenni eru einnig mjög mikilvæg en þau felast í húsunum í útjaðri byggðarinnar og samspili þeirra við nánasta umhverfi sitt. Þau þarf einnig að vernda sem og spor eftir byggðina næst ströndinni sem felast í húsum sem nú standa innan um yngri hús, bæði íbúðarhús og hús til atvinnureksturs af ýmsu tagi. Það er enn fremur þessi hluti byggðarinnar sem lagt er til að vernda samkvæmt niðurstöðum þessarar byggða- og húsakönnunar.

Niðurstöður á varðveislumati eru sýndar á korti þar sem varðveislugildi hvers húss er sýnt fyrir gildin 1 – 5 þar sem hús með gildið 1 hafa hæsta varðveislugildið.

Á kortinu *Flokkun hverfisverndar* eru sýndir tveir hverfisverndarflokkar auk friðaðs húss, Stokkseyrarkirkju. Flokkarnir tveir ná annars vegar yfir *Einstök hús, húsaraðir og götummyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra, auðkennd með rauðum lit. Hverfisvernd einstakra húsa (rauð) nær til 24 húsa.

Hinn flokkur hverfisverndar nær til *Samstæðna húsa og heilda* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegra sérstöðu þeirra, auðkennd með gulum lit. Lagt er til að tiltekin hús á tveimur afmörkuðum svæðum, merkt númerunum 1 og 2 á kortinu, verði vernduð með hverfisvernd í gulum flokki.

Hverfisverndarsvæði nr. 1 er þeirra stærst og nær yfir svæðið í miðbiki byggðarinnar, nærri gamla Stokkseyrarhlaðinu. Að hluta til er þetta sama svæði og afmarkað er á aðalskipulagsupprætti Árborgar 2005-2025 og aðalskipulagstillögu 2010-2030. Svæðið hefur hins vegar verið stækkað til austurs og nær til húsa við Sólvelli. Á þessu svæði er lagt til að hverfisvernda 18 hús.

Hverfisverndarsvæði nr. 2 nær yfir heild þriggja húsa, kennd við Sjónarhól, sem eru austarlega í byggðinni, sunnan Hásteinsvegar.

Húsaskrá

Skráð hús	Mat á varðveislugildi og hverfisverndarflokkur
 <p>Dvergasteinar Byggt 1929</p>	<p>Mat á varðveislugildi Byggingarlist: 2. Hús í góðum hlutföllum en helst til ofhlaðið af seinna tíma skrauti Menningarsaga: 3. Íbúðarhús Umhverfi: 2. Hluti heildar og áberandi í umhverfinu vegna stærðar og staðsetningar Upprunaleiki: 3. Viðbyggingar við vesturgafli og bakhlið en fara sæmilega Tæknilegt ástand: 2. Í góðu ástandi Varðveislugildi: 2. Vegna byggingarlistar og umhverfis</p> <p>Hverfisverndarflokkur: Gulur</p>
 <p>Eyrarybraut 3 Sunnuhvoll Byggt 1929</p>	<p>Mat á varðveislugildi Byggingarlist: 2. Hús í ágætum hlutföllum og viðbyggingar fara vel Menningarsaga: 3. Íbúðarhús Umhverfi: 2. Mikilvægur hluti götummyndar og heildar Upprunaleiki: 3. Byggt við húsið en það fer ágætlega Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott Varðveislugildi: 2. Vegna mikilvægis fyrir umhverfi og byggingarlist</p> <p>Hverfisverndarflokkur: Gulur</p>
 <p>Eyrarybraut 8 Vegamót Byggt 1906</p>	<p>Mat á varðveislugildi Byggingarlist: 5. Yfirþyrmandi kvistur og skarsúð draga mjög úr byggingarlist hússins en má laga Menningarsaga: 3. Íbúðarhús Umhverfi: 3. Mikilvægt í götummynd Eyrarybrautar Upprunaleiki: 4. Klæðningu og gluggum breytt og stór kvistur á framhlið Tæknilegt ástand: 2. Virðist þokkalegt Varðveislugildi: 3. Vegna mikilvægis fyrir götummynd</p> <p>Hverfisverndarflokkur: Rauður</p>



Eyrarbraut 9
Nýi-Kastali
Byggt 1898

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 2. Fínt hús með viðbyggingum frá fyrstu tíð, laga mætti glugga

Menningarsaga: 2. Íbúðarhús með viðbyggingum sem notuð voru sem útihús

Umhverfi: 2. Mikilvægur hluti heildar og stendur hærra en nálæg hús

Upprunaleiki: 3. Form hússins heldur sér nema hvað smíðaðir hafa verið á það kvistir og huga þarf að gluggum

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 2. Vegna umhverfis, menningarsögu og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Eyrarbraut 11
Garðbær
Byggt 1939

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 6. Hús einfaldrar gerðar og án byggingarlistarlegrar gæða eftir breytingar.

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús.

Umhverfi: 3. Húsið stendur innan húsabyrpingar eldri húsa og getur haft mikil áhrif á heildina.

Upprunaleiki: 5. Húsið er byggt úr holsteini en síðan var steipt utan á það og loks var það klætt Steniplötum.

Tæknilegt ástand: 3. Virðist gott.

Varðveislugildi: 4. Hefur gildi vegna nálægðar við eldri merk hús allt í kring, þetta hús mætti klæða bárujárn, laga glugga og þakkant til að auka til muna varðveislugildi þess.

Hverfisverndarflokkur: Ekki gerð tillaga um hverfisvernd



Eyrarbraut 17
Hausthús
Byggt 1896

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Alþýðuhús sem hefur verið breytt frá frumgerð með steinsteyptri viðbyggingu

Menningarsaga: 2. Íbúðarhús og síðar einnig verslunarhús

Umhverfi: 2. Hluti heildar

Upprunaleiki: 5. Mikið breytt frá fyrstu gerð en elsta hluta hússins má færa til eldra horfs

Tæknilegt ástand: 4. Virðist þokkalegt

Varðveislugildi: 3. Vegna menningarsögu og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Eyrarbraut 19
Garðhús
Byggt 1890

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 1. Gott dæmi um þurrabúð ásamt útihúsum

Menningarsaga: 1. Þurrabúð þar sem saman fara torfhúsahefð og hið nýja byggingarefni; bárujárn

Umhverfi: 1. Mikilvægur hluti heildar gamalla alþýðuhúsa í Beinategshverfinu

Upprunaleiki: 2. Nær upprunalegt en þarfnast lagfæringar á síðustu breytingum

Tæknilegt ástand: 1. Gott

Varðveislugildi: 1. Vegna menningarsögu, byggingarlistar og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Eyrarbraut 30
Kaðlastaðir
Byggt 1907

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Ágætt hús sinnar gerðar, draga mætti úr gluggaskrauti

Menningarsaga: 2. Íbúðarhús, sambyggt því var bátaverkstæði sem nú er bílskúr

Umhverfi: 1. Mikilvægt kennileiti í útjarði byggarinnar að vestanverðu

Upprunaleiki: 3. Form hússins helst en gluggar ofhlaðnir skrauti

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 2. Vegna stöðu í umhverfi, menningarsögu og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Eyrarbraut 33
Laufás
Byggt 1920

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Þrýðilegt alþýðuhús en laga mætti glugga og frágang klæðningar og hækka gildismatið

Menningarsaga: 2. Eina íbúðarhúsið sem eftir stendur af húsaþyrpingu sem þarna var við vegslóða frá Vegamótum og út í gegnum sjóvarnargarðinn

Umhverfi: 2. Stendur innan um iðnaðarhús og vitnar um fyrri búsetuhætti

Upprunaleiki: 3. Formið heldur sér en laga mætti glugga og frágang klæðningar og hækka gildismatið

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 3. Vegna byggingarlistar og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Eyrarbraut 45
Unhóll
Byggt 1898

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 6. Alþýðuhús án mikilla byggingarlistarlegra sérkenna, múrhúðað timburhús

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 4. Stendur nærri sjóvarnargarðinum ásamt öðru íbúðarhúsi innan um atvinnuhúsnæði

Upprunaleiki: 5. Mikið breytt, múrhúðað, gluggum breytt, viðbygging

Tæknilegt ástand: 4. Virðist þökkalegt en sprungunet í múrhúðun

Varðveislugildi: 5. Hefur ekki sérstakt varðveislugildi

Hverfisverndarflokkur: Ekki gerð tillaga um hverfisvernd



Hafnargata 1
Gimli
Byggt 1921

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 2. Hús í góðum hlutföllum, gluggabreyting dregur úr listgildi hússins

Menningarsaga: 1. Samkomuhús Stokkseyringa frá upphafi

Umhverfi: 2. Mikilvægt í götumynd og sem hluti heildar eldri húsa

Upprunaleiki: 2. Form hússins heldur sér en gluggum og frágangi þeirra hefur verið breytt en má laga

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 1. Vegna menningarsögu, umhverfis og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Hafnargata 2
Skálafell
Byggt 1940

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Ágætt funkishús, formið heldur sér

Menningarsaga: 2. Hér var rekið pósthús áratugum saman

Umhverfi: 4. Húsformið sker sig úr nærliggjandi húsum

Upprunaleiki: 4. Bárujárnsklætt funkishús sem hlaðið er úr holsteini

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 4. Hefur lítið umhverfisgildi

Hverfisverndarflokkur: Ekki gerð tillaga um hverfisvernd



Hafnargata 4
Pálmarshús
Byggt 1912

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 5. Hús í prýðilegum hlutföllum en klæðning á veggjum og sökkli og gluggabreyting draga úr listgildi hússins en bæta má úr þessu og hækka gildismatið

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 2. Hluti heildar

Upprunaleiki: 5. Húsformið helst að mestu en klæðningar og gluggabreyting draga úr gildismatinu en það má laga þessi atriði og hækka þetta gildismat

Tæknilegt ástand: 4. Húsið þarfnast viðhalds á klæðningum og gluggum og málunar

Varðveislugildi: 3. Vegna umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Hafnargata 10
Ásgeirsbúð
Byggt 1928

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Góð hlutföll en gluggabreyting dregur úr byggingarlist hússins

Menningarsaga: 2. Hér var rekin verslun um árabíl

Umhverfi: 2. Hluti af dreifðri húsaþyrpingu nærri kirkjunni

Upprunaleiki: 3. Hlutföll og form halda sér en gluggum hefur verið breytt og inngangur á austurhlið aflagður, þetta má allt laga

Tæknilegt ástand: 2. Þökkalegt en húsið þarfnast málunar

Varðveislugildi: 2. Vegna umhverfis, menningarsögu og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Hásteinsvegur 1
Kjartanshús
Byggt 1899

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 5. Alþýðuhús, breytingar á gluggum og klæðningu draga niður listgildi þess, má hækka gildismatið með markvissum aðgerðum

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 2. Mikilvægt í umhverfinu og tengir saman Sönduhverfi og dreifðari hús við Sólvelli

Upprunaleiki: 5. Mikið breytt hvað varðar glugga og klæðningu en viðbyggingar fara húsinu vel

Tæknilegt ástand: 3. Virðist þökkalegt

Varðveislugildi: 3. Vegna umhverfis en með lagfæringum á gluggum og klæðningu mætti hækka varðveislumatið

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Hásteinsvegur 13
Roðgúll
Byggt 1926

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Gott dæmi um alþýðlega byggingarlist þar sem byggt er við eftir þörfum hverju sinni, kvistir og gluggabreyting draga úr listgildi

Menningarsaga: 2. Íbúðarhús með viðbyggðum útihúsum, dæmi um búskaparhætti fyrrum á Stokkseyri

Umhverfi: 2. Áberandi í götummyndinni og er hluti heildar

Upprunaleiki: 3. Gluggum hefur verið breytt og yfirþyrmandi kvistir smíðaðir á húsið en hvoru tveggja má laga

Tæknilegt ástand: 3. Virðist þökkalegt

Varðveislugildi: 2. Vegna menningarsögu, umhverfis og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Hásteinsvegur 20
Eystra-Íragerði
Byggt 1910. Flutt 1976

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Hús í góðum hlutföllum en laga mætti frágang glugga

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 3. Húsið stendur hátt í umhverfi sínu og er áberandi innan um yngri lágreistari hús

Upprunaleiki: 4. Húsið var flutt til á lóðinni og sett á hærri sökkul og smíðaður á það miðjukvistur

Tæknilegt ástand: 3. Í þökkalegu ástandi

Varðveislugildi: 3. Vegna umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Hásteinsvegur 30
Ásgarður
Byggt 1939

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 5. Látlaust íbúðarhús hlaðið úr holsteini

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 3. Stendur innan um yngri hús sem eru svipuð að formi til

Upprunaleiki: 2. Lítið breytt nema gluggar

Tæknilegt ástand: 5. Þarfnast múr- og sprunguviðgerðar og málunar

Varðveislugildi: 4. Vegna byggingarlistar, húsgerðar og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Ekki gerð tillaga um hverfisvernd



Hásteinsvegur 39
Hellukot
Byggt 1936

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Ágætt reisulegt alþýðuhús sem ber áhrif frá sveitser í þakskeggi, lagfæringar á gluggum og frágangi þeirra til eldra horfs og veggklæðningu mundi hækka gildismat

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 2. Áberandi kennileiti í útjarði byggðar þegar komið er austanfrá

Upprunaleiki: 3. Formið heldur sér en gluggum, frágangi þeirra og veggklæðningar hefur verið breytt en mætti laga og hækka þar með þetta gildismat

Tæknilegt ástand: 2. Í góðu ástandi en þarfnast málunar

Varðveislugildi: 2. Vegna umhverfis og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Rauður.



Hásteinsvegur 40
Sjónarhóll
Byggt 1897

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Gott alþýðuhús og mætta auka gildi byggingarlistar með því að færa glugga til upprunalegs horfs

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 2. Hluti heildar, Sjónarhólshverfisins

Upprunaleiki: 3. Nánast upprunalegt nema gluggarnir

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 3. Vegna umhverfis og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Hásteinsvegur 42
Fagurhóll
Byggt 1920

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Hús í prýðilegum hlutföllum en klæðning og gluggabreyting draga úr byggingarlist þess

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 2. Hluti heildar, Sjónarhólshverfisins

Upprunaleiki: 4. Húsformið heldur sér en veggklæðningu (nú Steniklæðning) og gluggum hefur verið breytt en þetta má laga

Tæknilegt ástand: 3. Virðist þokkalegt

Varðveislugildi: 3. Vegna mikilvægis fyrir heild samstæðra húsa en með lagfæringum á gluggum og klæðningu má hækka gildismatið

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Hásteinsvegur 44
Urðarós/
Sjónarhóll
Byggt 1920

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Ágætt alþýðuhús og vel við haldið en kvistur dregur úr byggingarlist þess

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 3. Hluti heildar, Sjónarhólshverfisins

Upprunaleiki: 3. Heldur formi sínu að mestu, viðbyggingar við báða gafla fara vel en kvisturinn fellur húsinu ekki vel, gluggum hefur og verið breytt

Tæknilegt ástand: 3. Virðist þokkalegt

Varðveislugildi: 3. Hluti heildar

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Hásteinsvegur 46
Hvanneyri
Byggt 1921

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 5. Miklar breytingar draga úr byggingarlist hússins

Menningarsaga: 4. Gamalt íbúðarhús sem nú er notað sem sumarbústaður

Umhverfi: 4. Hefur takmarkað gildi fyrir umhverfið

Upprunaleiki: 5. Mikið breytt með viðbyggingum, gluggabreytingar, pallur og skjólveggir

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 5. Án sérstaks varðveislugildis

Hverfisverndarflokkur: Ekki gerð tillaga um hverfisvernd



Hásteinsvegur
Sæhvoll
Byggt 1936. Flutt 1985

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 5. Timburfunkis klæddur bárujárn, gluggum og þakskeggi breytt, pallur/svalir umhverfis húsið

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 5. Hefur ekki sérstakt gildi fyrir umhverfið

Upprunaleiki: 4. Flutt, gluggum breytt, þakskeggi og pallur settur umhverfis húsið

Tæknilegt ástand: 3. Virðist þokkalegt

Varðveislugildi: 5. Án sérstaks varðveislugildis

Hverfisverndarflokkur: Ekki gerð tillaga um hverfisvernd



Heiðarbrún 6
Útgarður
Byggt 1910

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Góð hlutföll en laga þarf húsið t.d. glugga. Þetta hús má gera upp í fyrra útliti og auka þar með listgildi þess

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 3. Stendur á opnu svæði og er áberandi í umhverfinu

Upprunaleiki: 5. Form hússins að mestu óbreytt, viðbygging við gafl, gluggum breytt

Tæknilegt ástand: 5. Virðist frekar lélegt

Varðveislugildi: 3. Vegna gerðar og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Heiðarbrún 14
Eystri-Bræðraborg
Byggt 1899

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Alþýðuhús sem vaxið hefur með þörf íbúa hverju sinni en gluggabreytingar draga úr sérkennum byggingarlistarinnar

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 3. Húsið stendur innan um yngri láreistari íbúðarhús af öðrum toga en er til vitnis um gamla búskaparhætti á Stokkseyri

Upprunaleiki: 3. Mikið breytt hús með viðbyggingum sem er nánast regla um svona hús en gluggarnir skera sig úr vegna þess hversu framandlegir þeir eru

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 3. Vegna menningarsögu og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Íragerði 4
Amsterdam
Byggt 1898. Flutt 1981

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Góð hlutföll en úrvinnsla einstakra byggingarhluta - klæðningar og gluggar - orkar tvímælis

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 4. Án samsvörunar við nærliggjandi yngri hús

Upprunaleiki: 4. Aðflutt frá Siglufirði, ýmsum frágangi breytt þegar húsið var endurgert hér

Tæknilegt ástand: 4. Virðist þokkalegt en klæðning er farin að láta á sjá og húsið þarfnast málunar

Varðveislugildi: 3. Vegna gerðar

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Ólafsvellir
Móakot
Byggt 1906

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Alþýðuhús, en viðbyggingar draga úr listgildi þess ásamt gluggabreytingum en glugga má laga og hækka gildismatið

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 3. Hluti heildar með tveimur öðrum húsum

Upprunaleiki: 4. Viðbyggingar. Gluggum hefur verið breytt en þá má laga og hækka þetta gildismat

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 3. Vegna umhverfis og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Ólafsvellir 2
Merkigarður
Byggt 1902

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Einfalt alþýðuhús, margviðbyggt

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 3. Hluti heildar þriggja húsa

Upprunaleiki: 5. Mikið breytt með viðbyggingum, gluggum breytt

Tæknilegt ástand: 3. Virðist þokkalegt

Varðveislugildi: 3. Vegna umhverfis og gerðar

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Ólafsvellir
Byggt 1928

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Einfalt alþýðuhús frá því rétt fyrir kreppuna, gluggar draga heldur úr listgildi þess sem og skjólveggir og timburklæðning utan á sökklum

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 3. Hluti heildar í útjaðri byggðar

Upprunaleiki: 3. Heldur upprunalegu formi en gluggum hefur verið breytt og timburklæðning á sökkli óviðeigandi

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 3. Vegna heildar

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Sandgerði 1
Sandgerði
Byggt 1900

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Alþýðuhús frá upphafi 20. aldar en gluggabreyting dregur úr listgildi þess en þá má laga

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 2. Mikilvægur hluti heildar við Sandgerði

Upprunaleiki: 3. Húsið að formi til upprunalegt, var pappklætt í upphafi en nú járnklætt en ósamræmi fellst í gluggagerðinni

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 2. Vegna umhverfis og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Sandgerði 3
Sólbakki
Byggt 1899

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Að stofni til ágætt alþýðuhús með mansardþaki, þakkvistur og stálklæðning draga úr listgildi hússins og gaflgluggi afleitur

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 2. Mikilvægur hluti götummyndar Sönduhverfis

Upprunaleiki: 4. Byggt hefur verið við húsið og það klætt stálklæðningu en verstur er þó kvisturinn en þetta má laga

Tæknilegt ástand: 3. Virðist þokkalegt, þarfnast málunar að hluta til

Varðveislugildi: 3. Vegna umhverfis og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Sandgerði 5
Sandprýði
Byggt 1899

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 2. Fín hlutföll og vel útfært alþýðuhús sem bar vott af nýklassík í bjórum sem voru yfir gluggum

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 1. Mjög mikilvægt í umhverfi sínu vegna góðar byggingarlistar og vandaðrar viðgerðar

Upprunaleiki: 2. Lítið breytt frá upphafi, inngangur færður og bjórar teknir

Tæknilegt ástand: 1. Virðist mjög gott

Varðveislugildi: 1. Vegna byggingarlistar og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Sandgerði 7
Sanda
Byggt 1905

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 6. Yfirþyrmandi hús án umtalsverðsverðar byggingarlistar

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 5. Stendur innan um eldri hús og nýtur nálægðar við þau en vegna forms eftir miklar breytingar dregur það götummyndina niður

Upprunaleiki: 6. Mikið breytt og núverandi útlit hefur litla tengingu við hið upprunalega hús

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 5. Vegna breytinga og stöðu hússins innan um merk hús við Sandgerði

Hverfisverndarflokkur: Ekki gerð tillaga um hverfisvernd



Sandgerði 9
Deild
Byggt 1901

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Ágætt alþýðuhús en gluggafrágangur á norðurhlið ekki við hæfi

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 2. Mikilvægur hluti Sönduhverfis og hluti heildar

Upprunaleiki: 2. Lítið breytt nema gluggafrágangur

Tæknilegt ástand: 2. Gott

Varðveislugildi: 2. Vegna byggingarlistar og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Sólvellir 3
Starkaðarhús
Byggingarár óþekkt

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Sæmilegt alþýðuhús þó svo margt þoli ekki nákvæma skoðun í frágangi glugga

Menningarsaga: 2. Dæmi um hvernig timburhús voru endurbyggð eftir breyttum kröfum

Umhverfi: 3. Hluti heildar

Upprunaleiki: 4. Að stofni til er húsið gjörbreytt en hefur haldið formi sínu eftir breytingarnar um 1940

Tæknilegt ástand: 3. Virðist þokkalegt

Varðveislugildi: 3. Vegna heildar

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Sólvellir 6
Blómsturvellir
Byggt 1910

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Ágætt alþýðuhús að upplagi en nýlegur frágangur á klæðningum dregur úr listgildi þess, en það má laga

Menningarsaga: 2. Íbúðarhús og um skeið Góðtemplarahús

Umhverfi: 3. Hluti heildar húsa við Sólvelli

Upprunaleiki: 3. Form hússins hefur haldið sér að mestu en laga þyrfti frágang klæðningar að aldri hússins

Tæknilegt ástand: 4. Þarfnst frágangs og málunar

Varðveislugildi: 3. Vegna mikilvægis sem hluti heildar

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Sólvellir 7
Vinaminni
Byggt 1899

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Þokkalegt bárujárnshús en að formi og stærð er húsið fjarri skráðum byggingartíma 1899

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 3. Hluti götumyndar fjölbreytilegra húsforma

Upprunaleiki: 5. Mikið breytt hús að stærð, formi, gluggum og fátt minnr á hið upprunalega hús

Tæknilegt ástand: 2. Mjög gott

Varðveislugildi: 4. Húsið hefur ekki verulegt gildi fyrir umhverfið þegar litið er til sögulegs og byggingarlistarlegs samhengis

Hverfisverndarflokkur: Ekki gerð tillaga um hverfisvernd



Sólvellir 8
Varmidalur/
Aftankvöld
Byggt 1926. Flutt 1983

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Elsti hluti hússins og viðbyggingar falla vel saman í eina heild, lóðrétt panelborð falla hins vegar síður vel að húsinu

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 3. Hluti heildar

Upprunaleiki: 4. Viðbyggingar fara vel en panelklæðning framandi húsi frá þessum tíma

Tæknilegt ástand: 4. Virðist sæmilegt en húsið þarfnast málunar

Varðveislugildi: 3. Vegna heildar

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Sólvellir 10
Símonarhús
Byggt 1919

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Ágæt hlutföll en gluggagerðin hæfir ekki húsi frá 1919

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 3. Stendur á opnu svæði í útjarði byggðarinnar og er áberandi kennileiti og hluti húsabyrpingar við Sólvelli

Upprunaleiki: 4. Húsformið heldur sér en gluggagerðin er mjög framandi húsinu

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 3. Vegna umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Stjörnusteinar
Hólmur. Austurbær
Byggt 1920

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 5. Alþýðuhús, breytingar á gluggum, klæðningu og viðbygging hafa dregið úr sérkennum hússins, ýmislegt má má færa til betri vegar og hækka þetta gildismat

Menningarsaga: 3. Alþýðuhús, grasbýli

Umhverfi: 3. Hluti heildar með Hólmi - vesturbæ í útjarði byggðar

Upprunaleiki: 4. Gluggum breytt og frágangi á klæðningu, viðbygging, eitt og annað má laga og hækka þetta gildismat

Tæknilegt ástand: 4. Sæmilegt, nýklætt en laga þarf eitt og annað

Varðveislugildi: 3. Vegna umhverfisgildis, hluti heildar með Hólmi – vesturbæ

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Stjörnusteinar
Hólmur. Vesturbær
Byggt 1908

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Alþýðuhús sem þarfnast endurbyggingar og lagfæringar. Auka mætti gildismatið með markvissum viðhaldsframkvæmdum

Menningarsaga: 2. Grasbýli sem er til vitnis um byggðina á Stokkseyri fyrrum

Umhverfi: 3. Heild með Austurbæ í útjarði byggðar, rústir nærri húsunum

Upprunaleiki: 5. Mikið breytt hvað notkun varðar og við viðgerðir síðustu ára en form hússins og útihúsa heldur sér, hér má með markvissum aðgerðum hækka gildismatið mikið

Tæknilegt ástand: 6. Þarfnast verulegra viðgerðar

Varðveislugildi: 2. Vegna menningarsögu og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Stjörnusteinar
Nýborg
Byggt 1908

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Einfalt alþýðuhús, laga mætti glugga og frágang þeirra

Menningarsaga: 2. Íbúðarhús byggt úr eik, líkast til strandgóss

Umhverfi: 4. Stendur í útjarði byggðar innan um yngri hús en er ásamt öðrum húsum í nágrenninu til vitnis um byggðamynstur í upphafi 20. aldar

Upprunaleiki: 3. Form hússins heldur sér en laga þarf glugga til eldra horfs

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 3. Vegna menningarsögu og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Stjörnusteinar 3
Vestri-Móhús
Byggt 1935

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 5. Ágæt hlutföll en gluggasetning mjög óhefðbundin en ósamræmi felst öðru fremur í veggklæðningu og breyttum gluggum

Meningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 4. Áberandi í byggðinni ekki síst vegna stærðar og litar

Upprunaleiki: 4. Form hússins helst en klæðningu og gluggum hefur verið breytt

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 5. Húsið er áberandi í umhverfinu vegna stærðar og litar en mjög skortir á listgildi þess og gildi fyrir umhverfi

Hverfisverndarflokkur: Ekki gerð tillaga um hverfisvernd



Stjörnusteinar 16
Björgvin/
Eiríkshús
Byggt 1898

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 5. Mikið breytt hús og draga breytingar á klæðningu, gluggum og húsformi verulega úr byggingarlist þess

Meningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 3. Húsið stendur í útjaðri byggðar innan um yngri hús, stór nýleg viðbygging

Upprunaleiki: 5. Mikið breytt frá upprunalegri gerð, þarfnast verulegra aðgerða við til að nálgast fyrra útlit

Tæknilegt ástand: 5. Þarfnast viðhalds

Varðveislugildi: 5. Vegna breytinga sem dregið hafa úr umhverfisgildi og byggingarlist

Hverfisverndarflokkur: Ekki gerð tillaga um hverfisvernd.



Stjörnusteinar 22
Setberg
Byggt 1919

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 5. Form þessa alþýðuhúss er lítið breytt frá upphafi en klæðning og gluggagerð dregur mjög niður gildismat hússins hvað byggingarlist varðar og hefur einnig áhrif á umhverfisgildi þess til lækkunar

Meningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 4. Húsið á sér samstæður í öðrum alþýðuhúsum en útlit þess eftir breytingar dregur niður mikilvægi þess

Upprunaleiki: 4. Formið heldur sér að mestu en klæðning og gluggagerð á sér ekki hliðstæðu í svona húsi

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott en þó virðist slagbilið sett utan á gamalt bárujárn

Varðveislugildi: 3. Vegna umhverfis en hér verður að gera ráð fyrir því að húsið verði fært til eldra horfs þegar að viðhaldi kemur

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Stjörnusteinar
Bræðratunga
Byggt 1910

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 2. Góð hlutföll en þarfnast nokkurrar endurskoðunar við í ýmsum frágangi

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 2. Kennileiti í útjaðri byggðarinnar, markar aðkomu að þéttbýlinu norðanfrá

Upprunaleiki: 2. Virðist lítið breytt

Tæknilegt ástand: 3. Þokkalegt en húsið þarfnast málunar

Varðveislugildi: 2. Vegna byggingarlistar og staðsetningar í umhverfi

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Strandgata 1
Bjarnaborg
Byggt 1900

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 4. Hús í góðum hlutföllum, unnið að lagfæringum en gluggar ekki upprunalegir, randskornar vindskeiðar frá nýklassík

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 2. Hluti samstæðu húsa nærri kirkjunni

Upprunaleiki: 4. Búið að byggja við húsið og fer það því ágætlega, gluggar ekki gerðir í upprunalegri mynd og frágangur á bárujárnri ekki í samræmi við hefð t.d. blikkáfellur á hornum, þetta má laga og hækka gildismat hússins

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 2. Vegna mikilvægis hússins í umhverfi kirkjunnar og vegna byggingarlistar en með lagfæringum má auka varðveislugildi hússins

Hverfisverndarflokkur: Gulur



Strandgata 2
Hafsteinn
Byggt 1910

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 5. Breytingar á húsinu t.d. hækkun, kvistþak, viðbyggingar og klæðning draga úr listgildi hússins

Menningarsaga: 2. Elsta steinsteypta húsið á Stokkseyri

Umhverfi: 3. Hluti götummyndar og stendur nærri öðru húsi steinsteyptu sem byggt var sama ár

Upprunaleiki: 5. Mikið breytt bæði form og efnisval

Tæknilegt ástand: 3. Virðist gott

Varðveislugildi: 3. Vegna menningarsögu og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Strandgata 8
Sjólýst
Byggt 1902

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Gott hús sem verður bæjarprýði þegar viðgerð lýkur. Byrjað er á austurenda og takist jafnvel til má hækka þetta gildismat

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús, parhús frá upphafi

Umhverfi: 3. Hluti götummyndar og heildar húsa í næsta nágrenni

Upprunaleiki: 3. Vesturendi hússins hefur verið færður til upprunalegs horfs og vinna við austurhlutann að hefjast og takist jafnvel til má hækka þetta gildismat

Tæknilegt ástand: 3. Vesturendinn í góðu lagi en viðgerð að hefjast á austurenda og að þeim loknum má hækka þetta gildismat

Varðveislugildi: 2. Vegna byggingarlistar og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Strandgata 9a
Aðalsteinn
Byggt 1910

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 5. Hús í góðum hlutföllum en breytingar á klæðningu og gluggum draga úr byggingarlist, húsið má auðveldlega laga og færa því fyrri reisu og hækka varðveislumat þess

Menningarsaga: 2. Húsið hefur gildi vegna atvinnustarfsemi í kjallara og viðbyggingu

Umhverfi: 3. Hluti götummyndar, húsið er næst elsta steinsteypuhúsið á Stokkseyri og stendur nærri því elsta

Upprunaleiki: 5. Formið nánast óbreytt en klæðningu breytt og gluggum en það má færa til upprunalegs horfs og hækka þar með gildismatið

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott þó óvíst sé um ástand steinsteypu veggjanna undir stenklæðningunni

Varðveislugildi: 3. Vegna menningarsögu og umhverfis en gildismat getur hækkað við að færa húsið nær upprunalegu útliti

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Strandgata 10
Strönd
Byggt 1896

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 2. Ágætt hús sinnar gerðar og vel við haldið

Menningarsaga: 2. Íbúðarhús, líkast til elsta tvílyfta húsið í plássinu og hér var söðlasmiður með verkstæði sitt

Umhverfi: 2. Hluti götummyndar og heildar og áberandi í umhverfinu vegna hæðar og byggingarlistar

Upprunaleiki: 2. Form og útlit hússins hefur haldist mætavel þrátt fyrir viðbyggingar

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 2. Vegna umhverfis og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Strandgata 11
Garður
Byggt 1940

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 6. Funkishús byggt úr holsteini en klætt vatnasklæðningu

Menningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 5. Húsformið sker sig úr öðrum nálægum húsum

Upprunaleiki: 5. Útlit hússins með vatnasklæðningu er nokkuð langt frá upprunalegu útliti

Tæknilegt ástand: 5. Húsið virðist þarfnast viðhalds og ekki hefur verið lokið við að ganga frá vatnasklæðningunni

Varðveislugildi: 6. Hefur ekki sérstakt varðveislugildi í samanburði við hús byggð fyrir 1940

Hverfisverndarflokkur: Ekki gerð tillaga um hverfisvernd



Tjarnarstigur 9
Helgastaðir
Byggt 1906

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 3. Gott dæmi um alþýðlega byggingarlist, huga mætti að gluggagerð og ofskrauti þegar að viðhaldi kemur

Meningarsaga: 1. Grasbýli þar sem bæði íbúðarhús og útihús hafa varðveist

Umhverfi: 2. Áberandi í umhverfi sínu í útjaðri byggðar og myndar heild með húsum við Sólvelli

Upprunaleiki: 3. Útihús hafa verið tekin til íbúðar en halda formi sínu, laga mætti glugga og draga úr skrauti

Tæknilegt ástand: 3. Virðist þökkalegt en húsin þarfnast málunar

Varðveislugildi: 1. Vegna menningarsögu, umhverfis og byggingarlistar

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Ranakot
Byggt 1933

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 2. Fínt hús og í góðum hlutföllum

Meningarsaga: 3. Íbúðarhús

Umhverfi: 2. Kennileiti á opnu svæði vestan við skólann

Upprunaleiki: 2. Nánast upprunalegt en blikkáfellur á hornum

Tæknilegt ástand: 2. Virðist gott

Varðveislugildi: 2. Vegna byggingarlistar og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Rauður



Stokkseyrarkirkja
Byggt 1886

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 1. Kirkja í góðum hlutföllum og vel útfært byggingarlistarverk

Meningarsaga: 1. Sóknarkirkja

Umhverfi: 1. Mjög mikilvæg í miðpunkti byggðarinnar, kennileiti

Upprunaleiki: 2. Nánast upprunalegt að utan en veggir voru klæddir vatnslæðningu en nú klæddir bárujárn

Tæknilegt ástand: 1. Mjög gott

Varðveislugildi: 1. Vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Blár. Kirkjan er friðuð



Ísólfskáli
Byggt 1962

Mat á varðveislugildi

Byggingarlist: 1. Hús í góðum hlutföllum og hér koma saman í áhugaverðri útfærslu modernismi í byggingarlist og forn íslensk byggingarhefð í steinhlöðnum veggjum. Arkitekt Gunnar Hansson

Meningarsaga: 1. Sumarhús Páls Ísólfssonar tónskálds

Umhverfi: 1. Mjög mikilvæg í útjarðri byggðarinnar, kennileiti

Upprunaleiki: 1. Má teljast nær upprunalegt


Tæknilegt ástand: 1. Mjög gott

Varðveislugildi: 1. Vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis

Hverfisverndarflokkur: Rauður. Lagt er til að Húsafriðunarnefnd meti húsið til friðunar.


Stokkseyri
Byggða- og húsakönnun 2010
 Byggingartímabil

- Byggingartímabil fyrir 1910
- Byggingartímabil 1910-1917
- Byggingartímabil 1918 - 1940




**Stokkseyri
Byggða- og húsakönnun 2010**
Varðveislumat

- Friðuð hús
- Varðveislugildi 1
- Varðveislugildi 2
- Varðveislugildi 3
- Varðveislugildi 4
- Varðveislugildi 5



Stokkseyri
Byggða- og húsakönnun 2010
 Flokkun hverfisverndar

- Friðuð hús
- Einstök hús, húsaðir og götumyndir sem lagt að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.
- Samtæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.



Tilvísanir

-
- ¹ Haraldur Sigurðsson, Oddur Hermannsson, Pétur H. Jónsson. *Aðalskipulag Stokkseyrarhrepps 1996-2016*. Greinargerð (október 1996), 12-13.
- ² Guðni Jónsson. *Stokkseyringa saga I*, 175-181.
- ³ Guðni Jónsson. *Stokkseyringa saga I*, 19-21.
- ⁴ Guðni Jónsson. *Stokkseyringa saga I*, 21-39.
- ⁵ Guðni Jónsson. *Stokkseyringa saga I*, 119-122.
- ⁶ Guðni Jónsson. *Stokkseyringa saga I*, 175-181; *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*, 373-393.
- ⁷ Guðni Jónsson. *Stokkseyringa saga I*, 21-34.
- ⁸ Þorvaldur Thoroddsen. *Landskjálftar á Íslandi*, 94.
- ⁹ Þorvaldur Thoroddsen. *Landskjálftar á Íslandi*, 183-187.
- ¹⁰ Guðni Jónsson. *Stokkseyringa saga I*, 27-30.
- ¹¹ Guðni Jónsson. *Stokkseyringa saga I*, 110.
- ¹² Zóphónías Pálsson. *Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfélögum 1938-1988*, 209-210; Skipulagsstofnun. Bréfasafn. Stokkseyri. Bréf skipulagsstjóra til oddvítans á Stokkseyri dags. 3. desember 1969, til sveitarstjórans á Stokkseyri dags. 21. ágúst 1970 og 2. febrúar 1977.
- ¹³ Árborg. *Aðalskipulag 2005-2025*. Skipulagsgreinargerð, 30-31.
- ¹⁴ Aðalskipulagstillaga og greinargerð sóttar á heimasíðu sveitarfélagsins Árborgar.
- ¹⁵ Húsafriðunarnefnd. Heimasíða. Guðmundur L. Hafsteinsson. Byggða- og húsakönnun. Byggingarlistarleg og menningarsöguleg könnun bæjarumhverfis og húsa við gerð aðal- og deiliskipulags.
- ¹⁶ Húsafriðunarnefnd. Heimasíða. Guðmundur L. Hafsteinsson. Byggða- og húsakönnun. Byggingarlistarleg og menningarsöguleg könnun bæjarumhverfis og húsa við gerð aðal- og deiliskipulags.
- ¹⁷ Húsafriðunarnefnd. Heimasíða. Guðmundur L. Hafsteinsson. Byggða- og húsakönnun. Byggingarlistarleg og menningarsöguleg könnun bæjarumhverfis og húsa við gerð aðal- og deiliskipulags.
- ¹⁸ Guðmundur Hannesson. *Um skipulag bæja*, 13.
- ¹⁹ Guðni Jónsson. *Stokkseyringa saga I*, 212-213.
- ²⁰ Jon Nordsteien. Bæja- og húsakönnun á Stokkseyri 2000. Húsakrá, Garðhús. Handrit í vörslu Byggðasafns Árnesinga.
- ²¹ Jon Nordsteien. Bæja- og húsakönnun á Stokkseyri 2000. Húsakrá, Hausthús. Handrit í vörslu Byggðasafns Árnesinga.
- ²² Jon Nordsteien. Bæja- og húsakönnun á Stokkseyri 2000. Húsakrá, Deild. Handrit í vörslu Byggðasafns Árnesinga.
- ²³ Jon Nordsteien. Bæja- og húsakönnun á Stokkseyri 2000. Húsakrá, Merkigerði, Móakot, Sjónarhóll. Handrit í vörslu Byggðasafns Árnesinga.
- ²⁴ Jon Nordsteien. Bæja- og húsakönnun á Stokkseyri 2000. Húsakrá, Bræðratunga, Sandprýði, Sjólyst. Handrit í vörslu Byggðasafns Árnesinga.
- ²⁵ Jon Nordsteien. Bæja- og húsakönnun á Stokkseyri 2000. Húsakrá, Helgastaðir, Roðgúll. Handrit í vörslu Byggðasafns Árnesinga.
- ²⁶ Húsafriðunarnefnd. Heimasíða. Guðmundur L. Hafsteinsson. Byggða- og húsakönnun. Byggingarlistarleg og menningarsöguleg könnun bæjarumhverfis og húsa við gerð aðal- og deiliskipulags.
- ²⁷ Guðmundur L. Hafsteinsson. *Kirkjur Íslands*, 4. Stokkseyrarkirkja 122-134.
- ²⁸ Guðmundur L. Hafsteinsson. *Skrá yfir friðuð hús*, 51.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Guðmundur L. Hafsteinsson. *Skrá yfir friðuð hús*. Húsafriðunarnefnd. Reykjavík 2000.

Guðmundur L. Hafsteinsson. *Kirkjur Íslands, 4*. Reykjavík 2003.

Guðmundur Hannesson. *Um skipulag bæja*. Háskóli Íslands. Reykjavík 1916.

Guðni Jónsson. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík. Reykjavík 1952.

Guðni Jónsson. *Stokkseyringa saga I og II*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík. Reykjavík 1960-1961.

Haraldur Sigurðsson, Oddur Hermannsson, Pétur H. Jónsson. *Aðalskipulag Stokkseyrarhrepps 1996-2016*. Greinargerð.

Zóphónías Pálsson. *Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfélögum 1938-1988*. Reykjavík 1990.

Þorvaldur Thoroddsen. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn 1899.

Rafrænar heimildir sóttar á heimasíður

Árborg. *Aðalskipulag 2005-2025*. Skipulagsgreinargerð og skipulagsuppdrættir.

Árborg. *Aðalskipulagstillaga og greinargerð 2010-2030*.

Húsafriðunarnefnd. Guðmundur L. Hafsteinsson. Byggða- og húsakönnun. Byggingarlistarleg og menningarsöguleg könnun bæjarumhverfis og húsa við gerð aðal- og deiliskipulags.

Handrit og aðrar óprentaðar heimildir í vörslu Byggðasafns Árneseinga

Jon Nordsteien. Bæja- og húsakönnun á Stokkseyri 2000. Húsakrá;

Ljósrit úr Fasteignamati Stokkseyrarhrepps;

Ljósrit úr Brunabótamati fyrir Árnessýslu.